90
17. des.

LÖG

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9 júlí 1941, sbr. lög nr. 118 31. des. 1945, skulu gilda til ársloka 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 17. desember 1946.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Pétur Magnússon.

91
9. des.

AUGLÝSING

um að Ísland hafi gengið að sáttmála hinna sameinuðu þjóða.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis, hinn 25. júlí 1946, gekk Ísland hinn 19. nóvember 1946 að sáttmála hinna sameinuðu þjóða, er hér með birtist ásamt íslenzkri þýðingu.

Sáttmáli hinna sameinuðu þjóða.

Vér, hinar sameinuðu þjóðir, staðráðnar í að bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum ófriðar, sem tvisvar á ævi vorri hefur leitt ósegjanlegar þjáningar yfir mannkynið,

að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi, jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða, hvort sem stórar eru eða smáar,

að skapa skilyrði fyrir því, að hægt sé að halda uppi réttlæti og virðingu fyrir skyldum þeim, er af samningum leiðir og öðrum heimildum þjóðaréttar,

að stuðla að félagslegum framförum og bættum lífskjörum án frelsisskerðingar,

Charter of the United Nations

We, the peoples of the United Nations, determined to save succeeding generations from the scourge of war, which twice in our lifetime has brought untold sorrow to mankind, and

to reaffirm faith in fundamental human rights, in the dignity and worth of the human person, in the equal rights of men and women and of nations large and small, and

to establish conditions under which justice and respect for the obligations arising from treaties and other sources of international law can be maintained, and

to promote social progress and better standards of life in larger freedom,

91 og ætlum í þessu skyni
9. des. að sýna umburðarlyndi og lifa saman í friði, svo sem góðum nágrönnum sæmir,
að sameina mátt vorn til að varðveita heimsfrið og öryggi,
að tryggja það með samþykki grundvallarreglna og skipulagsstofnun, að vopnavaldi skuli eigi beita, nema í þágu sameiginlegra hagsmuna, og
að starfrækja alþjóðaskipulag til eflingar fjárhagslegum og félagslegum framförum allra þjóða,
höfum orðið ásáttar um að sameina krafta vora til að ná þessu markmiði.
Því hafa ríkisstjórnir vorar, hver um sig, fyrir milligöngu fulltrúa, er saman eru komnir í borginni San Francisco og lagt hafa fram umboðsskjöl sín, er reynzt hafa í góðu og réttu lagi, komið sér saman um þennan sáttmála hinna sameinuðu þjóða og stofna hér með alþjóðabandalag, sem bera skal heitið hinar sameinuðu þjóðir.

I. KAFLI
Markmið og grundvallarreglur.

1. gr.

Markmið hinna sameinuðu þjóða er:
1. að varðveita heimsfrið og öryggi og gera í því skyni virkar, sameiginlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og eyða hættu á friðrofi og til að bæla niður árásaraðgerðir eða friðrof og til að á friðsamlegan hátt og í samræmi við grundvallarreglur réttvísi og þjóðaréttar koma á sættum eða lausn milliríkja deilumála eða ástands, sem leiða kann til friðrofs,
2. að efla vinsamlega sambúð þjóða á milli, er byggð sé á virðingu fyrir grundvallaratriði jafnréttis og sjálfsákvörðunarréttar og að gera aðrar hæfilegar ráðstafanir til að styrkja alheimsfrið,
3. að koma á alþjóðasamvinnu um lausn alþjóðavandamála, fjárhagslegs, félagslegs, menningarlegs og mannúðarlegs eðlis, og að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða, og
4. að vera miðstöð til samræmingar

and for these ends
to practise tolerance and live together in peace with one another as good neighbours, and
to unite our strength to maintain international peace and security, and
to ensure, by the acceptance of principles and the institution of methods, that armed force shall not be used, save in the common interest, and
to employ international machinery for the promotion of the economic and social advancement of all peoples
have resolved to combine our efforts to accomplish these aims.
Accordingly, our respective Governments, through representatives assembled in the City of San Francisco, who have exhibited their full powers found to be in good and due form, have agreed to the present Charter of the United Nations and do hereby establish an international organisation to be known as the United Nations.

Chapter I.—Purposes and Principles

Article 1

The Purposes of the United Nations are:—
1. To maintain international peace and security, and to that end: to take effective collective measures for the prevention and removal of threats to the peace and for the suppression of acts of aggression or other breaches of the peace, and to bring about by peaceful means, and in conformity with the principles of justice and international law, adjustment or settlement of international disputes or situations which might lead to a breach of the peace;
2. To develop friendly relations among nations based on respect for the principle of equal rights and self-determination of peoples, and to take other appropriate measures to strengthen universal peace;
3. To achieve international co-operation in solving international problems of an economic, social, cultural, or humanitarian character, and in promoting and encouraging respect for human rights and

á aðgerðum þjóða til að ná þessu sameiginlega markmiði.

2. gr.

Bandalagið og meðlimir þess skulu í viðleitni sinni til að ná því markmiði, er um getur í 1. grein, fara eftir þessum grundvallarreglum:

1. Bandalagið byggist á grundvallarreglunni um fullvalda jafnræði allra meðlima þess.

2. Í því skyni að tryggja öllum meðlimum þau réttindi og hlunnindi, er af þátttöku leiðir, skulu allir meðlimir trúlega standa við skuldbindingar þær, sem þeir hafa á sig tekið með sáttmála þessum.

3. Allir meðlimir skulu leysa milliríkjadeilur sínar á friðsamlegan hátt, þannig að heimsfriði, öryggi og réttvísi sé ekki í hættu stofnað.

4. Allir meðlimir skulu í milliríkjaskiptum varast hótanir um valdbeitingu eða beitingu valds gegn landamærahelgi eða stjórnmálasjálfstæði nokkurs ríkis eða á neinn annan hátt, sem kemur í bága við markmið hinna sameinuðu þjóða.

5. Meðlimir skulu veita hinum sameinuðu þjóðum alla aðstoð í sérhverju starfi, sem þær framkvæma samkvæmt þessum sáttmála, og skulu ekki aðstoða nokkurt ríki, sem hinar sameinuðu þjóðir beita hindrunar- eða þvingunarráðstöfunum.

6. Bandalagið skal tryggja að ríki, sem ekki eru meðlimir hinna sameinuðu þjóða, starfi í samræmi við þessar grundvallarreglur, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til varðveizlu heimsfriði og öryggi.

7. Ekkert ákvæði þessa sáttmála heimilar hinum sameinuðu þjóðum að skipta sér af málum, sem koma í aðalatriðum undir eigin lögsögu ríkis eða skyldar meðlimi til að leggja slík mál fyrir til lausnar samkvæmt þessum sáttmála; þessi grundvallarregla skal samt ekki hindra framkvæmd þvingunaraðgerða samkvæmt VII. kafla.

for fundamental freedoms for all without distinctions as to race, sex, language, or religion; and

4. To be a centre for harmonising the actions of nations in the attainment of these common ends.

Article 2

The Organisation and its Members, in pursuit of the purposes stated in Article 1, shall act in accordance with the following principles:

1. The Organisation is based on the principle of the sovereign equality of all its members.

2. All Members, in order to ensure to all of them the rights and benefits resulting from membership, shall fulfil in good faith the obligations assumed by them in accordance with the present Charter.

3. All Members shall settle their international disputes by peaceful means in such a manner that international peace and security, and justice, are not endangered.

4. All Members shall refrain in their international relations from the threat or use of force against the territorial integrity or political independence of any State, or in any other manner inconsistent with the Purposes of the United Nations.

5. All Members shall give the United Nations every assistance in any action it takes in accordance with the present Charter, and shall refrain from giving assistance to any State against which the United Nations is taking preventive or enforcement action.

6. The Organisation shall ensure that States which are not Members of the United Nations act in accordance with these Principles so far as may be necessary for the maintenance of international peace and security.

7. Nothing contained in the present Charter shall authorise the United Nations to intervene in matters which are essentially within the domestic jurisdiction of any State or shall require the Members to submit such matters to settlement under the present Charter; but this principle shall not prejudice the application of enforcement measures under Chapter VII.

91
9. des.

II. KAFLI
Þátttaka.

3. gr.

Stofnmeðlimir hinna sameinuðu þjóða eru þau ríki, sem tóku þátt í ráðstefnu hinna sameinuðu þjóða um alþjóðabandalag í San Francisco eða hafa áður undirritað yfirlýsingu hinna sameinuðu þjóða frá 1. janúar 1942, og undirrita þennan sáttmála og staðfesta í samræmi við 110. gr.

4. gr.

1. Þátttaka í hinum sameinuðu þjóðum er heimil öllum friðsömum ríkjum, sem takast á hendur skuldbindingarnar í þessum sáttmála og að áliti bandalagsins eru hæf og fús til að fullnægja þessum skuldbindingum.

2. Allsherjarþingið tekur ákvörðun um inngöngu hvers sliks ríkis eftir tillögu frá öryggisráðinu.

5. gr.

Nú hefur öryggisráðið beitt meðlim hindrunar- og þvingunarráðstöfunum, og getur allsherjarþingið þá eftir tillögu öryggisráðsins tekið af honum heimild til að nota réttindi og sérréttindi meðlima. Öryggisráðið getur veitt á ný heimild til að nota þessi réttindi og sérréttindi.

6. gr.

Allsherjarþingið getur eftir tillögu öryggisráðsins rekið úr bandalaginu meðlim, sem hefur hvað eftir annað brotið grundvallarreglur þessa sáttmála.

III. KAFLI
Stofnanir.

7. gr.

1. Þessar eru aðalstofnanir hinna sameinuðu þjóða: Allsherjarþing, öryggisráð, fjárhags- og félagsmálaráð, gæsluverndarráð, alþjóðadómstóll og skrifstofa.

2. Þær undirstofnanir, sem kunna að

Chapter II.—Membership

Article 3

The original members of the United Nations shall be the states which, having participated in the United Nations Conference on International Organisation at San Francisco, or having previously signed the Declaration by United Nations of January 1, 1942, sign the present Charter and ratify it in accordance with Article 110.

Article 4

1. Membership in the United Nations is open to all other peace-loving states which accept the obligations contained in the present Charter and, in the judgment of the Organisation, are able and willing to carry out these obligations.

2. The admission of any such state to membership in the United Nations will be effected by a decision of the General Assembly upon the recommendation of the Security Council.

Article 5

A Member of the United Nations against which preventive or enforcement action has been taken by the Security Council may be suspended from the exercise of the rights and privileges of membership by the General Assembly upon the recommendation of the Security Council. The exercise of these rights and privileges may be restored by the Security Council.

Article 6

A Member of the United Nations which has persistently violated the Principles contained in the present Charter may be expelled from the Organisation by the General Assembly upon the recommendation of the Security Council.

Chapter III.—Organs

Article 7

1. There are established as the principal organs of the United Nations: a General Assembly, a Security Council, an Economic and Social Council, a Trusteeship Council, an International Court of Justice and a Secretariat.

verða nauðsynlegar, má setja á fót samkvæmt þessum sáttmála.

8. gr.

Hinar sameinuðu þjóðir skulu ekki setja neinar takmarkanir á val karla og kvenna til þátttöku í hvaða störfum sem er, við jöfn skilyrði, hjá aðal- og undirstofnunum þeirra.

2. Such subsidiary organs as may be found necessary may be established in accordance with the present Charter. 91 9. des.

Article 8

The United Nations shall place no restrictions on the eligibility of men and women to participate in any capacity and under conditions of equality in its principal and subsidiary organs.

IV. KAFLI

Allsherjarþingið.

Skipan.

9. gr.

1. Allsherjarþingið er skipað meðlimum hinna sameinuðu þjóða.

2. Hver meðlimur skal ekki hafa fleiri en fimm fulltrúa á allsherjarþinginu.

Chapter IV.—The General Assembly—

Composition

Article 9

1. The General Assembly shall consist of all the Members of the United Nations.

2. Each Member shall have not more than five representatives in the General Assembly.

Störf og völd.

10. gr.

Allsherjarþingið má fjalla um öll mál og málefni, sem koma undir þennan sáttmála eða snerta vald og störf allra stofnana, sem um ræðir í þessum sáttmála, og að undanskildu því, sem segir í 12. grein, er heimilt að gera tillögur til meðlima hinna sameinuðu þjóða eða öryggisráðsins eða hvort tveggja varðandi öll slík mál og málefni.

Functions and Powers

Article 10

The General Assembly may discuss any questions or any matters within the scope of the present Charter or relating to the powers and functions of any organs provided for in the present Charter and, except as provided in Article 12, may make recommendations to the members of the United Nations or to the Security Council or to both on any such questions or matters.

11. gr.

1. Allsherjarþinginu er heimilt að fjalla um hinar almennu grundvallarreglur fyrir samstarfi til varðveizlu heimsfriðar og öryggis, þar með taldar þær grundvallarreglur, sem gilda um afvopnun og skipan herbúnaðar, og er heimilt að gera tillögu varðandi þessar grundvallarreglur til meðlimanna eða öryggisráðsins eða hvort tveggja.

2. Allsherjarþinginu er heimilt að ræða öll mál varðandi varðveizlu heimsfriðar og öryggis, sem eru lögð fyrir það af sérhverjum meðlim hinna sameinuðu þjóða eða öryggisráðinu eða ríki, sem er ekki meðlimur hinna sameinuðu þjóða, sbr. 35. gr., 3. lið, og er heimilt, að undanskildu því, sem getið er í 12. gr., að gera

Article 11

1. The General Assembly may consider the general principles of co-operation in the maintenance of international peace and security, including the principles governing disarmament and the regulation of armaments, and may make recommendations with regard to such principles to the Members or to the Security Council or both.

2. The General Assembly may discuss any questions relating to the maintenance of international peace and security brought before it by any Member of the United Nations, or by the Security Council, or by a state which is not a member of the United Nations in accordance with Article 35, paragraph two, and, except as

91 9. des.

tillögu um öll mál til viðkomandi ríkis eða ríkja eða til öryggisráðsins eða hvort tveggja. Sérhverju máli, sem þarf framkvæmdar við, skal allsherjarþingið vísa til öryggisráðsins annaðhvort fyrir eða eftir að umræður hafa farið fram.

3. Allsherjarþingið má vekja athygli öryggisráðsins á ástandi, sem getur stofnað heimsfriði og öryggi í hættu.

4. Þau völd allsherjarþingsins, sem um ræðir í þessari grein, takmarka ekki ákvæði 10. greinar.

provided in Article 12, may make recommendations with regard to any such questions to the state or states concerned or to the Security Council or to both. Any such question, on which action is necessary, shall be referred to the Security Council by the General Assembly either before or after discussion.

3. The General Assembly may call the attention of the Security Council to situations which are likely to endanger international peace and security.

4. The powers of the General Assembly set forth in this Article shall not limit the general scope of Article 10.

12. gr.

1. Á meðan öryggisráðið fer með það vald, sem því er falið í þessum sáttmála, út af deilumáli eða ástandi, skal allsherjarþingið ekki gera neina tillögu viðvíkjandi sömu deilumálum og ástandi, nema öryggisráðið fari þess á leit.

2. Aðalforstjórinn skal með samþykki öryggisráðsins skýra allsherjarþinginu við hvert þinghald frá öllum málum varðandi varðveizlu heimsfriðar og öryggis, sem öryggisráðið hefur til afgreiðslu, og skal einnig tilkynna allsherjarþinginu eða meðlimum hinna sameinuðu þjóða, ef allsherjarþingið stendur ekki yfir, strax og öryggisráðið hættir að fjalla um slík mál.

Article 12

1. While the Security Council is exercising in respect of any dispute or situation the functions assigned to it in the present Charter, the General Assembly shall not make any recommendation with regard to that dispute or situation unless the Security Council so requests.

2. The Secretary-General, with the consent of the Security Council, shall notify the General Assembly at each session of any matters relative to the maintenance of international peace and security which are being dealt with by the Security Council and shall similarly notify the General Assembly, or the Members of the United Nations if the General Assembly is not in session, immediately the Security Council ceases to deal with such matters.

13. gr.

1. Allsherjarþingið skal koma á stað rannsóknum og gera tillögur með það fyrir augum að:

a. efla alþjóðasamvinnu á sviði stjórnmála og stuðla að þróun þjóðaréttar og flokkun hans.

b. efla alþjóðasamvinnu á sviði fjárhags- og félagsmála, menningar, menntamála og heilbrigðismála, og stuðla að framkvæmd mannréttinda og grundvallarfrelsis fyrir alla án tillits til kynþáttar, kyns, tungu og trúarbragða.

2. Frekari ábyrgðar, starfa og valda allsherjarþingsins, að því er snertir mál um-

Article 13

1. The General Assembly shall initiate studies and make recommendations for the purpose of:

(a) Promoting international co-operation in the political field and encouraging the progressive development of international law and its codification;

(b) Promoting international co-operation in the economic, social, cultural, educational, and health fields, and assisting in the realisation of human rights and fundamental freedoms for all without distinction as to race, sex, language, or religion.

rædd í 1. lið hér að ofan, er getið í IX. og X. kafla.

14. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í ákvæðum 12. greinar, er allsherjarþinginu heimilt að mæla með aðgerðum, er miða að friðsamlegri lausn á vandamáli, án tillits til uppruna þess, sem það álítur að geti líklega spillt almennri hagsæld og vinsamlegri sambúð þjóða á milli, þar með talin brot á ákvæðum þessa sáttmála um markmið og grundvallarreglur hinna sameinuðu þjóða.

15. gr.

1. Allsherjarþingið tekur á móti og athugar árlegar og sérstakar skýrslur frá öryggisráðinu. Í skýrslum þessum skal gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem öryggisráðið hefur samþykkt til varðveizlu heimsfriði og öryggi.

2. Allsherjarþingið tekur á móti og athugar skýrslur frá öðrum stofnunum hinna sameinuðu þjóða.

16. gr.

Allsherjarþingið framkvæmir þau störf í sambandi við alþjóða gæzluverndarkerfið, sem því er falið samkvæmt XII. og XIII. kafla, þar með samþykki gæzluverndarsamninganna fyrir landsvæði, sem ekki teljast hafa hernaðarlega þýðingu.

17. gr.

1. Allsherjarþingið athugar og samþykkir fjárhagsáætlun bandalagsins.

2. Meðlimirnir bera kostnað við bandalagið samkvæmt skiptingu allsherjarþingsins.

3. Allsherjarþingið athugar og samþykkir ráðstafanir varðandi fjármál og fjárhagsáætlanir, sem gerðar eru við sérstofnanir þær, sem um getur í 57. grein, og fer yfir rekstraráætlun þessara sérstofnana með það fyrir augum að gera tillögur til hlutaðeigandi stofnana.

2. The further responsibilities, functions, and powers of the General Assembly with respect to matters mentioned in paragraph 1 (b) above are set forth in Chapters IX and X. 91 9. des.

Article 14

Subject to the provisions of Article 12, the General Assembly may recommend measures for the peaceful adjustment of any situation, regardless of origin, which it deems likely to impair the general welfare or friendly relations among nations including situations resulting from a violation of the provisions of the present Charter setting forth the Purposes and Principles of the United Nations.

Article 15

1. The General Assembly shall receive and consider annual and special reports from the Security Council; these reports include an account of the measures that the Security Council has decided upon or taken to maintain international peace and security.

2. The General Assembly shall receive and consider reports from the other organs of the United Nations.

Article 16

The General Assembly shall perform such functions with respect to the international trusteeship system as are assigned to it under Chapters XII and XIII, including the approval of the trusteeship agreements for areas not designated as strategic.

Article 17

1. The General Assembly shall consider and approve the budget of the Organisation.

2. The expenses of the Organisation shall be borne by the Members as apportioned by the General Assembly.

3. The General Assembly shall consider and approve any financial and budgetary arrangements with specialised agencies referred to in Article 57 and shall examine the administrative budgets of such specialised agencies with a view to making recommendations to the agencies concerned.

91 9. des.

Atkvæðagreiðsla.

18. gr.

1. Hver meðlimur allsherjarþingsins hefur eitt atkvæði.

2. Ákvarðanir allsherjarþingsins í þýðingarmiklum málum skulu samþykktar með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra meðlima, sem viðstaddir eru og greiða atkvæði. Til þeirra mála teljast: tillögur varðandi varðveizlu heimsfriðar og öryggis, kosning þeirra meðlima öryggisráðsins, sem ekki eiga þar fast sæti, kosning meðlima í fjárhags- og félagsmálaráðið, kosning meðlima í gæzluverndarráðið, sbr. lið 1 c 86. greinar, inntaka nýrra meðlima í hinar sameinuðu þjóðir, afnám til bráðabirgða á réttindum og sérréttindum, sem fylgir þátttöku, brottrekstur meðlima, mál varðandi framkvæmd gæzluverndarkerfisins og mál varðandi fjárhagsáætlanir.

3. Ákvarðanir um önnur mál, þar með talin ákvörðunin um aðra málaflokka til viðbótar, sem taka skal ákvörðun um með tveimur þriðju hlutum atkvæða, skulu hafa atkvæði meiri hluta þeirra meðlima, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða.

19. gr.

Nú skuldar meðlimur hinna sameinuðu þjóða framlag til bandalagsins, og skal hann þá ekki hafa atkvæðisrétt á allsherjarþingi, ef skuldin er jöfn eða meiri en framlög þau, sem honum ber að greiða fyrir tvö undanfarin ár. Samt sem áður getur allsherjarþingið heimilað slíkum meðlimi að greiða atkvæði, ef það er fullvissað um, að vanskilin orsakast af ástandi, sem meðlimurinn ræður ekki við.

Þingsköp.

20. gr.

Allsherjarþingið kemur saman árlega til reglulegs þings, en til aukaþings eins og ástæður krefjast. Aðalforstjórinn kveður saman aukaþing eftir tilmælum öryggisráðsins eða meiri hluta hinna sameinuðu þjóða.

Voting

Article 18

1. Each member of he General Assembly shall have one vote.

2. Decisions of the General Assembly on important questions shall be made by a two-thirds majority of the members present and voting. These questions shall include: recommendations with respect to the maintenance of international peace and security, the election of the nonpermanent members of the Security Council, the election of the members of the Economic and Social Council, the election of members of the Trusteeship Council in accordance with paragraph 1 (c) of Article 86, the admission of new Members to the United Nations, the suspension of the rights and privileges of membership, the expulsion of Members, questions relating to the operation of the trusteeship system, and budgetary questions.

3. Decisions on other questions, including the determination of additional categories of questions to be decided by two-thirds majority, shall be made by a majority of the members present and voting.

Article 19

A Member of the United Nations which is in arrears in the payment of its financial contributions to the Organisation, shall have no vote in the General Assembly if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contributions due from it for the preceding two full years. The General Assembly may, nevertheless, permit such a Member to vote if it is satisfied that the failure to pay is due to conditions beyond the control of the Member.

Procedure

Article 20

The General Assembly shall meet in regular annual sessions and in such special sessions as occasion may require. Special sessions shall be convoked by the Secretary-General at the request of the Security Council or of a majority of the Members of the United Nations.

21. gr.

Allsherjarþingið setur sér sjálft þingsköp. Það kýs forseta fyrir hvert þing.

22. gr.

Allsherjarþinginu er heimilt að setja á fót þær undirstofnanir, sem það telur nauðsynlegar til að framkvæma störf sín.

V. KAFLI

Öryggisráðið.
Skipan.

23. gr.

Öryggisráðið skipa ellefu meðlimir hinna sameinuðu þjóða. Lýðveldið Kína, Frakkland, Sovétríkin, Sameinaða konungsríki Stóra Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríki Ameríku eiga fast sæti í öryggisráðinu. Allsherjarþingið kýs í öryggisráðið sex aðra meðlimi hinna sameinuðu þjóða, og eiga þeir þar eigi fast sæti, og skal í fyrsta lagi tekið tillit til þess, hversu meðlimir hinna sameinuðu þjóða hafa stuðlað að varðveizlu heimsfriðar og öryggis og unnið að markmiði bandalagsins að öðru leyti, og enn fremur til jafnrar dreifingar eftir landfræðilegum grundvelli.

2. Meðlimir öryggisráðsins, sem ekki eiga þar fast sæti, eru kosnir til tveggja ára. Við fyrstu kosningar þessara meðlima skulu þó þrír kosnir til eins árs. Fráfarandi meðlim er ekki heimilt að endurkjósa strax.

3. Hver meðlimur öryggisráðsins hefur einn fulltrúa.

Störf og völd.

24. gr.

1. Til þess að tryggja skjótar og haldgóðar aðgerðir af hálfu hinna sameinuðu þjóða, fela meðlimir þeirra öryggisráðinu aðalábyrgð á varðveizlu heimsfriðar og öryggis og eru ásáttir um, að öryggisráðið starfi fyrir þeirra hönd, þegar það

Article 21

The General Assembly shall adopt its own rules of procedure. It shall elect its President for each session.

Article 22

The General Assembly may establish such subsidiary organs as it deems necessary for the performance of its functions.

Chapter V.—The Security Council—Composition

Article 23

1. The Security Council shall consist of 11 Members of the United Nations. The Republic of China, France, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America shall be permanent members of the Security Council. The General Assembly shall elect six other Members of the United Nations to be non-permanent members of the Security Council, due regard being specially paid, in the first instance to the contribution of Members of the United Nations to the maintenance of international peace and security and to the other purposes of the Organisation, and also to equitable geographical distribution.

2. The non-peranent members of the Security Council shall be elected for a term of two years. In the first election of the non-permanent members, however, three shall be chosen for a term of one year. A retiring member shall not be eligible for immediate re-election.

3. Each member of the Security Council shall have one representative.

Functions and Powers

Article 24

1. In order to ensure prompt and effective action by the United Nations, its Members confer on the Security Council primary responsibility for the maintenance of international peace and security, and agree that in carrying out its duties

91 framkvæmir skyldustörf sín í samræmi
9. des. við þessa ábyrgð.

2. Öryggisráðið skal við framkvæmd skyldustarfa sinna starfa í samræmi við markmið og grundvallarreglur hinna sameinuðu þjóða. Hin ákveðnu völd, sem öryggisráðinu eru veitt til framkvæmdar þessum skyldustörfum, eru skilgreind í VI., VII., VIII. og XII. kafla.

3. Öryggisráðið skal leggja fyrir allsherjarþingið til athugunar ársskýrslu og, þegar nauðsynlegt þykir, sérstakar skýrslur.

25. gr.

Meðlimir hinna sameinuðu þjóða eru ásáttir um að fallast á og framkvæma ákvarðanir öryggisráðsins í samræmi við ákvæði þessa sáttmála.

26. gr.

Í þeim tilgangi að stuðla að því að koma á fót og varðveita heimsfrið og öryggi, þannig að sem minnst af mannafla og fjárhagslegri orku heimsins fari í framleiðslu hergagna, skal öryggisráðið, með aðstoð herforingjanefndarinnar, sem getið er í 47. gr., bera ábyrgð á samningu áætlana um stofnun kerfis fyrir skipan herbúnaðar, og skulu þær lagðar fyrir meðlimi hinna sameinuðu þjóða.

Atkvæðagreiðsla.

27. gr.

1. Hver meðlimur öryggisráðsins hefur eitt atkvæði.

2. Til ákvarðana öryggisráðsins í málum um fundarsköp þarf jákvæð atkvæði sjö meðlima ráðsins.

3. Til ákvarðana í öllum öðrum málum þarf jákvæð atkvæði sjö meðlima, að meðtöldum atkvæðum hinna föstu meðlima, þó með því skilyrði, að í ákvörðunum mála, sem nefnd eru í VI. kafla og í 3. lið 52. gr., skuli deiluaðili sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Fundarsköp.

28. gr.

1. Öryggisráðið skal þannig skipulagt, að það sé ætíð starfhæft. Hver meðlimur

under this responsibility the Security Council acts on their behalf.

2. In discharging these duties the Security Council shall act in accordance with the Purposes and Principles of the United Nations. The specific powers granted to the Security Council for the discharge of these duties are laid down in Chapters VI, VII, VIII and XII.

3. The Security Council shall submit annual and, when necessary, special reports to the General Assembly for its consideration.

Article 25

The Members of the United Nations agree to accept and carry out the decisions of the Security Council in accordance with the present Charter.

Article 26

In order to promote the establishment and maintenance of international peace and security with the least diversion for armaments of the world's human and economic resources, the Security Council shall be responsible for formulating, with the assistance of the Military Staff Committee referred to in Article 47, plans to be submitted to the Members of the United Nations for the establishment of a system for the regulation of armaments.

Voting.

Article 27

1. Each member of the Security Council shall have one vote.

2. Decisions of the Security Council on procedural matters shall be made by an affirmative vote of seven members.

3. Decisions of the Security Council on all other matters shall be made by an affirmative vote of seven members including the concurring votes of the permanent members; provided that, in decisions under Chapter VI and under paragraph 3 of Article 52, a party to a dispute shall abstain from voting.

Procedure

Article 28

1. The Security Council shall be so organised as to be able to function con-

öryggisráðsins skal í þessu skyni ætíð hafa fulltrúa á aðsetursstað bandalagsins.

2. Öryggisráðið heldur við og við fundi, þar sem hverjum meðlim ráðsins er heimilt, ef hann óskar þess, að láta stjórnarmeðlim eða annan sérstaklega tilnefndan mann mæta sem fulltrúa sinn.

3. Öryggisráðinu er heimilt að halda fundi á þeim stöðum, öðrum en aðsetursstað bandalagsins, sem eftir dómi ráðsins munu á beztan hátt auðvelda störf þess.

29. gr.

Öryggisráðinu er heimilt að setja á fót undirstofnanir sér til aðstoðar í starfi sínu, eftir því sem það álítur nauðsynlegt.

30. gr.

Öryggisráðið setur sér fundarsköp, þar með fyrirkomulag um val forseta þess.

31. gr.

Sérhverjum meðlim hinna sameinuðu þjóða, sem ekki er meðlimur öryggisráðsins, er heimilt, án atkvæðagreiðslu, að taka þátt í umræðum um sérhvert mál, sem lagt er fyrir öryggisráðið, þegar hið síðarnefnda álítur, að slíkt snerti hagsmuni þess meðlims sérstaklega.

32. gr.

Sérhverjum meðlim hinna sameinuðu þjóða, sem á ekki sæti í öryggisráðinu, eða sérhverju ríki, sem er ekki meðlimur í hinum sameinuðu þjóðum, skal boðið, ef það er aðili að deilumáli, sem er til athugunar hjá öryggisráði, að taka þátt í umræðum um það deilumál, án atkvæðisréttar.

Öryggisráðið getur sett þau skilyrði, sem það telur réttmæt, fyrir þátttöku ríkis, sem ekki er meðlimur í hinum sameinuðu þjóðum.

VI. KAFLI

Friðsamleg lausn deilumála.

33. gr.

1. Aðilar að sérhverju deilumáli, sem með áframhaldi gæti stofnað í hættu

tinuously. Each member of the Security Council shall for this purpose be represented at all times at the seat of the Organisation. 91 9. des.

2. The Security Council shall hold periodic meetings at which each of its members may, if it so desires, be represented by a member of the government or by some other specially designated representative.

3. The Security Council may hold meetings at such places other than the seat of the organisation as in its judgment will best facilitate its work.

Article 29

The Security Council may establish subsidiary organs as it deems necessary for the performance of its functions.

Article 30

The Security Council shall adopt its own rules of procedure, including the method of selecting its President.

Article 31

Any Member of the United Nations which is not a member of the Security Council may participate, without vote, in the discussion of any question brought before the Security Council whenever the latter considers that the interests of that Member are specially affected.

Article 32

Any Member of the United Nations which is not a member of the Security Council or any state which is not a Member of the United Nations, if it is a party to a dispute undir consideration by the Security Council, shall be invited to participate, without vote, in the discussion relating to the dispute.

The Security Council shall lay down such conditions as it deems just for the participation of a state which is not a Member of the United Nations.

Chapter VI.—Pacific Settlement of Disputes.

Article 33

1. The parties to any dispute, the continuance of which is likely to endanger

91 heimsfriði og öryggi, skulu fyrst leita
9. des. lausnar á deilumálinu með samningaumleitunum, rannsókn, miðlun, sættargerð, gerðardómi, dómsúrskurði, afnotum svæðisstofnana eða samninga, eða með öðrum friðsamlegum aðferðum, skv. eigin vali.

2. Ef öryggisráðinu þykir nauðsyn krefja, skal það kveðja deiluaðila til að leita lausnar á deilumáli sínu á slíkan hátt.

34. gr.

Öryggisráðinu er heimilt að rannsaka sérhvert deilumál eða sérhvert vandamál, sem gæti leitt til milliríkja áreksturs eða valdið deilu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áframhald deilunnar eða vandamálsins sé líklegt til þess að stofna heimsfriði og öryggi í hættu.

35. gr.

1. Hverjum meðlim hinna sameinuðu þjóða er heimilt að vekja athygli öryggisráðsins eða allsherjarþingsins á hverju slíku deilumáli eða vandamáli, sem um getur í 34. grein.

2. Nú er ríki ekki meðlimur hinna sameinuðu þjóða, og er því þá heimilt að vekja athygli öryggisráðsins eða allsherjarþingsins á hverri þeirri deilu, sem það er aðili að, ef það fyrirfram skuldbindur sig til að fylgja reglum þeim um friðsamlega lausn deilumála, sem settar eru í þessum sáttmála.

3. Þingstörfum allsherjarþingsins í meðferð mála, sem athygli þess hefur verið vakin á, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal hagað í samræmi við ákvæði 11. og 12. gr.

36. gr.

1. Heimilt er öryggisráði, á hvaða stigi máls sem er, að mæla með hæfilegum aðgerðum eða aðferðum til leiðréttingar á deilumáli eða vandamáli þess eðlis, sem um ræðir í 33. gr.

2. Öryggisráðinu ber að taka til greina allar þær aðferðir til lausnar deilumálsins, sem deiluaðilar hafa þegar tekið upp.

3. Er öryggisráðið gerir tillögur sínar samkvæmt grein þessari, skal það einnig taka til greina, að fylgja skal þeirri venju, að deiluaðilar leggi lagadeilur

the maintenance of international peace and security, shall, first of all, seek a solution by negotiation, inquiry, mediation, conciliation, arbitration, judicial settlement, resort to regional agencies or arrangements, or other peaceful means of their own choice.

2. The Security Council shall, when it deems necessary, call upon the parties to settle their dispute by such means.

Article 34

The Security Council may investigate any dispute, or any situation which might lead to international friction or give rise to a dispute, in order to determine whether the continuance of the dispute or situation is likely to endanger the maintenance of international peace and security.

Article 35

1. Any Member of the United Nations may bring any dispute or any situation of the nature referred to in Article 34 to the attention of the Security Council or of the General Assembly.

2. A state which is not a Member of the United Nations may bring to the attention of the Security Council or of the General Assembly any dispute to which it is a party, if it accepts in advance, for the purposes of the dispute, the obligations of pacific settlement provided in the present Charter.

3. The proceedings of the General Assembly in respect to matters brought to its attention under this article will be subject to the provisions of Article 11 and 12.

Article 36

1. The Security Council may, at any stage of a dispute of the nature referred to in Article 33 or of a situation of like nature, recommend appropriate procedures or methods of adjustment.

2. The Security Council should take into consideration any procedures for the settlement of the dispute which have already been adopted by the parties.

3. In making recommendations under this Article the Security Council should also take into consideration that legal dis-

fyrir alþjóðadómstólinn, í samræmi við ákvæði samþykktar dómstólsins.

37. gr.

1. Ef aðilum að deilu þess eðlis, sem um ræðir í 33. grein, tekst ekki að leysa deiluna á einhvern þann hátt, sem um getur í þeirri grein, skulu þeir vísa deilumálinu til öryggisráðsins.

2. Nú álítur öryggisráðið, að framhald deilunnar muni að líkindum stofna heimsfriði og öryggi í hættu, og skal það þá ákveða, hvort það skuli hefja aðgerðir skv. 36. gr. eða gera þær tillögur um lausn málsins, sem það álítur heppilegar.

38. gr.

Ef báðir eða allir deiluaðilar óska þess, er öryggisráðinu heimilt að gera tillögur með friðsamlega lausn deilumálsins fyrir augum, án þess að það komi í bága við 33.—37. gr.

putes should as a general rule be referred by the parties to the International Court of Justice in accordance with the provisions of the Statute of the Court.

Article 37

1. Should the parties to a dispute of the nature referred to in Article 33 fail to settle it by the means indicated in that article, they shall refer it to the Security Council.

2. If the Security Council deems that the continuance of the dispute is in fact likely to endanger the maintenance of international peace and security, it shall decide whether to take action under Article 36 or to recommend such terms of settlement as it may consider appropriate.

Article 38

Without prejudice to the provisions of Articles 33—37, the Security Council may, if all the parties to any dispute so request, make recommendations to the parties with a view to a pacific settlement of the dispute.

VII. KAFLI
Aðgerðir vegna ófriðarhættu, friðrofa og árása.

39. gr.

Öryggisráðið skal úrskurða, hvort fyrir hendi sé ófriðarhætta, friðrof eða árás, og skal gera tillögur um, eða ákveða, hvaða ráðstafanir skuli gerðar í samræmi við 41. og 42. grein, til þess að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi.

40. gr.

Til þess að koma í veg fyrir, að ástandið verði alvarlegra, er öryggisráðinu heimilt, áður en það gerir tillögur þær eða ráðstafanir, sem tilgreindar eru í 39. gr., að fara þess á leit við deiluaðila, að þeir hegði sér í samræmi við bráðabirgðaráðstafanir, sem ráðið telur nauðsynlegar eða æskilegar.

Slíkar bráðabirgðaráðstafanir skulu ekki skerða réttindi, kröfur eða aðstöðu hlutaðeigandi aðila. Öryggisráðið skal

Chapter VII—Action with Respect to Threats to Peace, Breaches of the Peace, and Acts of Aggression.

Article 39

The Security Council shall determine the existence of any threat to the peace, breach of the peace, or act of aggression and shall make recommendations, or decide what measures shall be taken in accordance with Articles 41 and 42, to maintain or restore international peace and security.

Article 40

In order to prevent an aggravation of the situation, the Security Council may, before making the recommendations or deciding upon the measures provided for in Article 39, call upon the parties concerned to comply with such provisional measures as it deems necessary or desirable. Such provisional measures shall be without prejudice to the rights, claims or position of the parties concerned. The Security Council shall duly take account

91 9. des.

taka fullt tillit til þess, ef misbrestur verður á að framfylgja slíkum bráðabirgðaráðstöfunum.

41. gr.

Öryggisráðinu er heimilt að ákveða, hvaða aðgerðir, aðrar en hernaðaraðgerðir, skuli viðhafðar til þess að framfylgja ákvörðunum þess, og getur það kvatt félaga hinna sameinuðu þjóða til þess að beita slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar mega vera fólgnar í því að slíta viðskiptasambandi að nokkru eða öllu leyti og rjúfa samgöngur með járnbrautum, á sjó, í lofti, einnig póst-, síma- og loftskeytasamband, og slíta stjórnmálasambandi.

42. gr.

Nú álítur öryggisráðið, að ráðstafanir þær, sem um getur í 41. gr., mundu verða ónógar eða hafi reynzt ófullnægjandi, og getur ráðið þá gripið til hernaðaraðgerða með lofther, flota eða landher, eftir því sem nauðsyn krefur, til að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi. Slíkar aðgerðir mega vera fólgnar í ögrun, hafnbanni og öðrum aðgerðum lofthers, flota eða landhers meðlima hinna sameinuðu þjóða.

43. gr.

1. Í því skyni að stuðla að varðveizlu heimsfriðar og öryggis, takast allir meðlimir hinna sameinuðu þjóða á hendur að láta öryggisráðinu í té, þegar það krefst þess, samkvæmt sérstökum samningi eða samningum, herlið, aðstoð og fríðindi, þar með talinn réttur til yfirferðar, eins og nauðsynlegt er til varðveizlu heimsfriði og öryggi.

2. Slíkur samningur eða samningar skulu ákveða tölu og tegundir liðsveita, viðbúnað þeirra og almennt aðsetur, og eðli fríðinda þeirra og aðstoðar, sem láta skal í té.

3. Gera skal samninginn eða samningana eins fljótt og hægt er, og skal öryggisráðið hafa frumkvæðið. Þeir skulu gerðir milli öryggisráðsins við einstaka meðlimi eða milli öryggisráðsins og meðlimahópa og skulu síðan staðfestir af samningsríkjum samkv. stjórnskipunarvenjum í hverju landi.

of failure to comply with such provisional measures.

Article 41

The Security Council may decide what measures not involving the use of armed force are to be employed to give effect to its decisions, and it may call upon the Members of the United Nations to apply such measures. These may include complete or partial interruption of economic relations and of rail, sea, air, postal, telegraphic, radio, and other means of communication, and the severance of diplomatic relations.

Article 42

Should the Security Council consider that measures provided for in Article 41 would be inadequate or have proved to be inadequate, it may take such action by air, sea, or land forces as may be necessary to maintain or restore international peace and security. Such action may include demonstrations, blockade and other operations by air, sea, or land forces of Members of the United Nations.

Article 43

1. All Members of the United Nations, in order to contribute to the maintenance of international peace and security, undertake to make available to the Security Council, on its call and in accordance with a special agreement or agreements, armed forces, assistance, and facilities, including rights of passage, necessary for the purpose of maintaining international peace and security.

2. Such agreement or agreements shall govern the numbers and types of forces, their degree of readiness and general location, and the nature of the facilities and assistance to be provided.

3. The agreement or agreements shall be negotiated as soon as possible on the initiative of the Security Council. They shall be concluded between the Security Council and Members or between the Security Council and groups of Members and shall be subject to ratification by the signatory states in accordance with their respective constitutional processes.

44. gr.

Nú hefur öryggisráðið ákveðið að beita valdi, og skal það þá, áður en það krefst þess, að meðlimur, sem ekki á sæti í ráðinu, leggi fram herlið í samræmi við þær skuldbindingar, sem hann hefur tekizt á hendur skv. 43. gr., bjóða þeim meðlim, ef hann óskar þess, að eiga þátt í ákvörðunum öryggisráðsins um beitingu þess herliðs, sem hann leggur fram.

Article 44

When the Security Council has decided to use force it shall, before calling upon a Member not represented on it to provide armed forces in fulfilment of the obligations assumed under Article 43, invite that member, if the member so desires, to participate in the decisions of the Security Council concerning the employment of contingents of that Member's armed forces.

45. gr.

Til þess að gera hinum sameinuðu þjóðum kleift að hefja aðkallandi hernaðaraðgerðir, skulu meðlimir ætíð hafa reiðubúnar eigin lofthersveitir til sameiginlegra alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Öryggisráðið skal, með aðstoð herforingjanefndarinnar, ákvarða, innan takmarka þeirra sérstöku samninga, sem um getur í 43. gr., styrk og viðbúnað þessara sveita og áætlanir um sameiginlegar aðgerðir þeirra.

Article 45

In order to enable the United Nations to take urgent military measures, Members shall hold immediately available national air-force contingents for combined international enforcement action. The strength and degree of readiness of these contingents and plans for their combined action shall be determined, within the limits laid down in the special agreement or agreements referred to in Article 43 by the Security Council with the assistance of the Military Staff Committee.

46. gr.

Öryggisráðið skal, með aðstoð herforingjanefndarinnar, gera áætlanir um notkun herafla.

Article 46

Plans for the application of armed force shall be made by the Security Council with the assistance of the Military Staff Committee.

47. gr.

1. Setja skal á stofn herforingjanefnd til þess að gefa öryggisráðinu aðstoð og ráðleggingar um öll þau mál, sem varða hernaðarþarfir öryggisráðsins til varðveizlu heimsfriðar og öryggis, notkun og stjórn herja þeirra, sem það fær til umráða, ákvæði um skipan herbúnaðar og hugsanlega afvopnun.

2. Herforingjanefndina skipa foringjar herforingjaráða hinna föstu meðlima öryggisráðsins, eða fulltrúar þeirra. Hverjum meðlim hinna sameinuðu þjóða, sem ekki á fast sæti í herforingjanefndinni, skal af nefndinni boðið að vinna með henni, þegar samstarf þess meðlims er nauðsynlegt til að tryggja góðan árangur af skyldustörfum nefndarinnar.

3. Herforingjanefndin skal bera ábyrgð gagnvart öryggisráðinu á hernaðarlegri stjórn þeirra herja, sem fengnir eru öryggisráðinu til umráða. Síðan skulu

Article 47

1. There shall be established a Military Staff Committee to advise and assist the Security Council on all questions relating to the Security Council's military requirements for the maintenance of international peace and security, the employment and command of forces placed at its disposal, the regulation of armaments, and possible disarmament.

2. The Military Staff Committee shall consist of the Chiefs of Staff of the permanent members of the Security Council or their representatives. Any member of the United Nations not permanently represented on the Committee shall be invited by the Committee to be associated with it when the efficient discharge of the Committee's responsibilities requires the participation of that Member in its work.

3. The Military Staff Committee shall

91 teknar ákvarðanir um forustu slíkra her-
9. des. sveita.

4. Samkv. heimild frá öryggisráðinu og í samráði við hlutaðeigandi svæðisstofnanir getur herforingjanefndin sett á stofn undirnefndir fyrir einstök svæði.

48. gr.

1. Eftir því sem öryggisráðið ákveður, skulu allir meðlimir hinna sameinuðu þjóða, eða aðeins sumir þeirra, taka þátt í aðgerðum þeim, sem nauðsynlegar eru til að framfylgja ákvörðunum ráðsins til varðveizlu heimsfriðar og öryggis.

2. Slíkum ákvörðunum skal framfylgja af meðlimum hinna sameinuðu þjóða beint, svo og með aðgerðum þeirra í hlutaðeigandi alþjóðastofnunum, þar sem þeir eru meðlimir.

49. gr.

Meðlimir hinna sameinuðu þjóða skulu taka höndum saman og veita hver öðrum gagnkvæma hjálp í framkvæmd þeirra aðgerða, sem öryggisráðið hefur ákveðið.

50. gr.

Nú hefur öryggisráðið hindrunar- eða þvingunarráðstafanir gegn einhverju ríki, og skal þá hvaða annað ríki sem er, hvort sem það er meðlimur hinna sameinuðu þjóða eða ekki, sem telur sig hafa mætt sérstökum fjárhagslegum vandamálum vegna framkvæmda þessara ráðstafana, hafa rétt til að leita ráða öryggisráðsins um lausn á vandamálum þessum.

51. gr.

Engin ákvæði þessa sáttmála skulu takmarka hinn órjúfanlega rétt ríkis til sjálfsvarnar, eitt sér eða með öðrum ríkjum, ef ráðizt er með herveldi á meðlim hinna sameinuðu þjóða, þangað til öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varðveizlu heimsfriðar og öryggis. Ráðstafanir, gerðar af meðlimum við framkvæmd

be responsible under the Security Council for the strategic direction of any armed forces placed at the disposal of the Security Council. Questions relating to the command of such forces shall be worked out subsequently.

4. The Military Staff Committee, with the authorisation of the Security Council and after consultation with appropriate regional agencies, may establish regional sub-committees.

Article 48

1. The action required to carry out the decisions of the Security Council for the maintenance of international peace and security shall be taken by all the Members of the United Nations or by some of them, as the Security Council may determine.

2. Such decisions shall be carried out by the Members of the United Nations directly and through their action in the appropriate international agencies of which they are members.

Article 49

The Members of the United Nations shall join in affording mutual assistance in carrying out the measures decided upon by the Security Council.

Article 50

If preventive or enforcement measures against any State are taken by the Security Council, any other State, whether a Member of the United Nations or not, which finds itself confronted with special economic problems arising from the carrying out of those measures, shall have the right to consult the Security Council with regard to a solution of those problems.

Article 51

Nothing in the present Charter shall impair the inherent right of individual or collective self-defence if an armed attack occurs against a Member of the United Nations, until the Security Council has taken the measures necessary to maintain international peace and security. Measures taken by Members in the exercise of this right of self-defence shall be

þessa sjálfsvarnarréttar, skulu undireins tilkynntar öryggisráðinu, og skulu þær á engan hátt skerða vald og ábyrgð öryggisráðsins samkv. þessum sáttmála til að hefja, hvenær sem er, þær aðgerðir, sem það álítur nauðsynlegar til að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi.

immediately reported to the Security Council and shall not in any way affect the authority and responsibility of the Security Council under the present Charter to take at any time such action as it deems necessary in order to maintain or restore international peace and security.

VIII. KAFLI
Svæðissamningar.

52. gr.

1. Í þessum sáttmála eru engin þau ákvæði, sem útiloka, að gera megi svæðissamninga eða stofna svæðisstofnanir til meðferðar á málum til varðveizlu heimsfriði og öryggi, sem hæfileg þykja til svæðisframkvæmda, svo fremi sem slíkir samningar eða stofnanir og störf þeirra valdi stendur, til þess að friðsamvið markmið og reglur hinna sameinuðu þjóða.

2. Þeir meðlimir hinna sameinuðu þjóða, sem gera slíka samninga eða setja á fót stofnanir, skulu gera allt, sem í þeirra að öðru leyti séu í fullu samræmi leg lausn deilumála á staðnum fáist fyrir atbeina þessara svæðissamninga eða stofnana, áður en sú leið er farin að vísa þeim til aðgerða öryggisráðsins.

3. Öryggisráðið skal vinna að því, að friðsamleg lausn deilumála á staðnum fáist, fyrir atbeina svæðissamninga eða stofnana, annaðhvort að frumkvæði þeirra ríkja, sem hlut eiga að máli, eða samkvæmt tilvísun öryggisráðsins.

4. Þessi grein takmarkar á engan hátt 34. og 35. gr.

Chapter VIII.—Regional Arrangements

Article 52

1. Nothing in the present Charter precludes the existence of regional arrangements or agencies for dealing with such matters relating to the maintenance of international peace and security as are appropriate for regional action, provided that such arrangements or agencies and their activities are consistent with the Purposes and Principles of the United Nations.

2. The members of the United Nations entering into such arrangements or constituting such agencies shall make every effort to achieve pacific settlement of local disputes through regional arrangements or by such regional agencies before referring them to the Security Council.

3. The Security Council shall encourage the development of pacific settlement of local disputes through such regional arrangements or by such regional agencies either on the initiative of the states concerned or by reference from the Security Council.

4. This Article in no way impairs the application of Articles 34 and 35.

53. gr.

1. Þar sem það á við skal öryggisráðið hagnýta sér slíka svæðissamninga eða svæðisstofnanir til þvingunarráðstafana, að svo miklu leyti sem vald þess nær til, en engar þvingunaraðgerðir má framkvæma í skjóli slíkra svæðissamninga eða fyrir atbeina slíkra svæðisstofnana með heimild öryggisráðsins, að undanteknum ráðstöfunum gegn óvinaríki, sbr. skýringu í 2. lið þessarar gr., eins og ráð er fyrir gert samkv. 107. gr. eða í svæðissamningum, sem beinast gegn endurnýjaðri árásarstefnu af hendi slíks ríkis,

Article 53

1. The Security Council shall, where appropriate, utilise such regional arrangements or agencies for enforcement action under its authority. But no enforcement action shall be taken under regional arrangements, or by regional agencies without the authorisation of the Security Council, with the exception of measures against any enemy State, as defined in paragraph 2 of this Article, provided for pursuant to Article 107 or in regional arrangements directed against renewal of aggressive policy on the part of any such

91 9. des. þar til bandalaginu kann, samkv. beiðni þeirra ríkisstjórna, sem hlut eiga að máli, að vera fengið það hlutverk að koma í veg fyrir frekari árásaraðgerðir af hendi slíks ríkis.

2. Orðið óvinaríki í 1. lið þessarar gr. á við sérhvert það ríki, sem í síðari heimsstyröldinni hefur verið óvinur einhvers þess ríkis, sem er aðili að undirskrift þessa sáttmála.

54. gr.

Ætíð skal gera öryggisráðinu fulla grein fyrir framkvæmdum til varðveizlu heimsfriðar og öryggis, sem gerðar eru eða áformaðar samkvæmt svæðissamningum eða af svæðisstofnunum.

IX. KAFLI

Alþjóðasamvinna í fjárhags- og félagsmálum.

55. gr.

Í þeim tilgangi að skapa það jafnvægis- og velmegunarástand, sem er skilyrði fyrir friðsamlegri og vinsamlegri sambúð á milli þjóðanna og grundvallast á virðingu fyrir jafnréttishugsjóninni og sjálfsákvörðunarrétti þjóða, skulu sameinuðu þjóðirnar vinna að:

a. bættum lífskjörum, fullri atvinnu og aðstæðum til fjárhagslegra og félagslegra framfara og þróunar,

b. lausn alþjóðafjárhagsmála, félagsmála, heilbrigðismála og mála, sem þeim eru skyld, alþjóðasamvinnu í menningar- og menntamálum og

c. að efla og halda í heiðri mannréttindum og grundvallarfrelsishugsjónum án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða.

56. gr.

Allir meðlimir skulu skuldbinda sig sameiginlega og hver í sínu lagi til að starfa í samvinnu við stofnunina að því að ná því marki, sem um ræðir í 55. gr.

57. gr.

1. Hinar ýmsu sérstofnanir, sem settar hafa verið á fót með samkomulagi ríkisstjórna og hafa á hendi víðtækar alþjóðaskyldur, svo sem ráð er fyrir gert í starfsstate, until such time as the Organisation may, on request of the governments concerned, be charged with the responsibility for preventing further aggression by such a state.

2. The term enemy State as used in paragraph 1 of this Article applies to any state which during the Second World War has been an enemy of any signatory of the present Charter.

Article 54

The Security Council shall at all times be kept fully informed of activities undertaken or in contemplation under regional arrangements or by regional agencies for the maintenance of international peace and security.

Chapter IX.—International Economic and Social Co-operation

Article 55

With a view to the creation of conditions of stability and well-being which are necessary for peaceful and friendly relations among nations based on respect for the principle of equal rights and self-determination of peoples, the United Nations shall promote:—

(a) Higher standards of living, full employment, and conditions of economic and social progress and development;

(b) solutions of international economic, social, health and related problems; and international cultural and educational co-operation; and

(c) universal respect for, and observance of, human rights and fundamental freedoms for all without distinction as to race, sex, language or religion.

Article 56

All Members pledge themselves to take joint and separate action in co-operation with the Organisation for the achievement of the purposes set forth in Article 55.

Article 57

1. The various specialised agencies, established by inter-government agreement and having wide international responsibilities, as defined in their basic instru-

reglum, sem þeim eru settar, í fjárhagsmálum, félagsmálum, menningarmálum, menntamálum, heilbrigðismálum og málum, sem þeim eru skyld, skulu ná til hinna sameinuðu þjóða samkv. því, sem segir í 63. gr.

2. Stofnanir, sem þannig eru komnar í samband við hinar sameinuðu þjóðir, skulu hér eftir kallaðar sérstofnanir.

58. gr.

Bandalagið skal gera tillögur um samræmingu starfsaðferða og framkvæmda sérstofnananna.

59. gr.

Nú þykir æskilegt, að settar séu á fót sérstofnanir til viðbótar til þess að ná því marki, sem um ræðir í 55. gr., og skal bandalagið í því skyni hefja samninga við þau ríki, sem hlut eiga að máli.

60. gr.

Allsherjarþingið svo og fjárhags- og félagsmálaráðið, sem starfar undir stjórn þess og nýtur í því skyni réttinda samkv. X. kafla, ber ábyrgð á, að þau störf bandalagsins, sem um ræðir í þessum kafla, séu unnin.

X. KAFLI

Fjárhags- og félagsmálaráðið. Skipan.

61. gr.

1. Fjárhags- og félagsmálaráðið skipa 18 meðlimir hinna sameinuðu þjóða, kjörnir af allsherjarþinginu.

2. Samkvæmt ákvæðum 3. liðs skulu 6 meðlimir í fjárhags- og félagsmálaráði kjörnir ár hvert til þriggja ára. Nú víkur meðlimur úr ráðinu, og er þá heimilt að endurkjósa hann strax.

3. Við fyrstu kosningu skal kjósa 18 meðlimi fjárhags- og félagsmálaráðsins. Kjörtímabil 6 manna, sem kosnir eru á þennan hátt, rennur út eftir 1 ár, annarra 6 eftir 2 ár, samkvæmt reglum, sem allsherjarþingið setur.

ments, in economic, social, cultural, educational, health and related fields, shall be brought into relationship with the United Nations in accordance with the provisions of Article 63. 91 9. des.

2. Such agencies thus brought into relationship with the United Nations are hereinafter referred to as specialised agencies.

Article 58

The Organisation shall make recommendations for the co-ordination of the policies and activities of the specialised agencies.

Article 59

The Organisation shall, where appropriate, initiate negotiations among the states concerned for the creation of any new specialised agencies required for the accomplishment of the purposes set forth in Article 55.

Article 60

Responsibility for the discharge of the functions of the Organisation set forth in this Chapter shall be vested in the General Assembly and, under the authority of the General Assembly, in the Economic and Social Council, which shall have for this purpose the powers set forth in Chapter X.

Chapter X.—The Economic and Social Council—Composition

Article 61

1. The Economic and Social Council shall consist of 18 Members of the United Nations elected by the General Assembly.

2. Subject to the provisions of paragraph 3, six members of the Economic and Social Council shall be elected each year for a term of three years. A retiring member shall be eligible for immediate re-election.

3. At the first election, 18 members of the Economic and Social Council shall be chosen, the term of office of six members so chosen shall expire at the end of one year, and of six other members at the end

91 9. des.

4. Sérhver meðlimur fjárhags- og félagsmálaráðs skal hafa einn fulltrúa.

Störf og völd.

62. gr.

1. Fjárhags- og félagsmálaráð getur gert rannsóknir og gefið skýrslur eða átt frumkvæði að rannsóknum og skýrslugerð varðandi alþjóðleg fjárhags- og félagsmál, menningar-, mennta- og heilbrigðismál og mál, sem þeim eru skyld, og gert tillögur um slík mál til allsherjarþingsins, til meðlima hinna sameinuðu þjóða og til þeirra sérstofnana, sem hlut eiga að máli.

2. Það getur gert tillögur, sem miða að því að efla og halda í heiðri virðingunni fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsishugsjónum öllum til handa.

3. Það getur gert uppkast að samningum, sem leggja skal fyrir allsherjarþingið varðandi málefni, sem undir það heyra.

4. Það getur kvatt saman alþjóðafundi í samræmi við þær reglur, sem hinar sameinuðu þjóðir hafa sett, til að fjalla um málefni, sem undir það heyra.

63. gr.

1. Fjárhags- og félagsmálaráðið getur gert samning við hverja þá stofnun, sem um getur í 57. gr., um þá skilmála, sem uppfylla þarf þegar koma á þeirri stofnun, sem um er að ræða, í samband við hinar sameinuðu þjóðir. Slíkir samningar skulu háðir samþykki allsherjarþingsins.

2. Það getur samræmt störf sérstofnananna með því að ráðgast við og gera tillögur til slíkra stofnana og með því að ráðgast við og gera tillögur til allsherjarþingsins og meðlima hinna sameinuðu þjóða.

64. gr.

1. Fjárhags- og félagsmálaráðið getur gert þær ráðstafanir, sem við eiga, til þess að fá skýrslur reglulega frá sérstofnununum. Það getur gert samkomulag við meðlimi hinna sameinuðu þjóða og sérstofnanirnar um að fá skýrslur um

of two years, in accordance with arrangements made by the General Assembly.

4. Each member of the Economic and Social Council shall have one representative.

Functions and Powers

Article 62

1. The Economic and Social Council may make or initiate studies and reports with respect to international, economic, social, cultural, educational, health and related matters and may make recommendations with respect to any such matters to the General Assembly, to the Members of the United Nations, and to the specialised agencies concerned.

2. It may make recommendations for the purpose of promoting respect for, and observance of human rights and fundamental freedoms for all.

3. It may prepare draft conventions for submission to the General Assembly, with respect to matters falling within its competence.

4. It may call, in accordance with the rules prescribed by the United Nations, international conferences on matters falling within its competence.

Article 63

1. The Economic and Social Council may enter into agreements with any of the agencies referred to in Article 57, defining the terms on which the agency concerned shall be brought into relationship with the United Nations. Such agreements shall be subject to approval by the General Assembly.

2. It may co-ordinate the activities of the specialised agencies through consultation with and recommendations to such agencies and through recommendations to the General Assembly and to the Members of the United Nations.

Article 64

1. The Economic and Social Council may take appropriate steps to obtain regular reports from specialised agencies. It may make arrangements with the Members of the United Nations and with the specialised agencies to obtain reports on

þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til framkvæmda á þess eigin tillögum og tillögum allsherjarþingsins um mál, sem undir það heyra.

2. Það getur tilkynnt allsherjarþinginu athugasemdir sínar um skýrslur þessar.

65. gr.

Fjárhags- og félagsmálaráðið getur útvegað öryggisráðinu upplýsingar og skal vera öryggisráðinu til aðstoðar, ef það óskar þess.

66. gr.

1. Við framkvæmd tillagna allsherjarþings skal fjárhags- og félagsmálaráðið vinna þau störf, sem undir þess svið heyra.

2. Það getur með samþykki allsherjarþings framkvæmt störf samkvæmt beiðni meðlima hinna sameinuðu þjóða og sérstofnana.

3. Að öðru leyti skal það vinna störf samkvæmt því, sem annars staðar er tilgreint í sáttmála þessum eða því kunna að verða falin af allsherjarþinginu.

Atkvæðagreiðsla.

67. gr.

1. Hver meðlimur fjárhags- og félagsmálaráðsins hefur eitt atkvæði.

2. Ákvarðanir fjárhags- og félagsmálaráðsins skulu samþykktar af meiri hluta þeirra, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða.

Fundarsköp.

68. gr.

Fjárhags- og félagsmálaráðið skal skipa nefndir, er fjalla um fjárhags- og félagsmál og eflingu mannréttinda, auk þeirra annarra nefnda, sem þurfa þykir til að framkvæma þau störf, sem ráðinu hafa verið falin.

69. gr.

Nú er mál þannig vaxið, að það skiptir miklu einhvern meðlim hinna sameinuðu þjóða, og skal þá fjárhags- og félagsmálaráðið bjóða þeim meðlim þátttöku án atkvæðisréttar í fundum sínum um það mál.

the steps taken to give effect to its own recommendations and to recommendations on matters falling within its competence made by the General Assembly. 91 9. des.

2. It may communicate its observations on these reports to the General Assembly.

Article 65

The Economic and Social Council may furnish information to the Security Council and shall assist the Security Council upon its request.

Article 66

1. The Economic and Social Council shall perform such functions as fall within its competence in connection with the carrying out of the recommendations of the General Assembly.

2. It may, with the approval of the General Assembly, perform services at the request of Members of the United Nations and at the request of specialised agencies.

3. It shall perform such other functions as are specified elsewhere in the present Charter or as may be assigned to it by the General Assembly.

Voting

Article 67

1. Each member of the Economic and Social Council shall have one vote.

2. Decisions of the Economic and Social Council shall be made by a majority of the members present and voting.

Procedure

Article 68

The Economic and Social Council shall set up commissions in economic and social fields and for the promotion of human rights, and such other commissions as may be required for the performance of its functions.

Article 69

The Economic and Social Council shall invite any Member of the United Nations to participate, without vote, in its deliberations on any matter of particular concern to that Member.

91 9. des.

70. gr.

Fjárhags- og félagsmálaráðið getur séð svo um, að fulltrúar sérstofnananna geti án atkvæðisréttar tekið þátt í fundarhöldum þess og í fundarhöldum þeirra nefnda, sem skipaðar eru af ráðinu. Einnig skal fulltrúum ráðsins heimil þátttaka í fundarhöldum sérstofnananna.

71. gr.

Fjárhags- og félagsmálaráðið getur gert þær ráðstafanir, sem við eiga, til þess að ráðgast við stofnanir, sem ekki eru ríkisstofnanir, en fjalla um mál, sem undir það heyra. Slíkt má koma sér saman um við alþjóðastofnanir og, þegar það á við, við stofnanir í tilteknu landi, eftir að hafa ráðgazt við þann meðlim hinna sameinuðu þjóða, sem hlut á að máli.

72. gr.

1. Fjárhags- og félagsmálaráðið setur sér sjálft þingsköp, þar með talið, hvernig skuli kjósa forseta þess.

2. Fjárhags- og félagsmálaráðið skal koma saman eftir því sem krafizt er samkvæmt reglum þess, en í þeim skulu vera ákvæði um fundarboð samkvæmt beiðni meiri hluta meðlima þess.

XI. KAFLI

Yfirlýsing varðandi lendur, sem ekki ráða sér sjálfar.

73. gr.

Meðlimir hinna sameinuðu þjóða, sem hafa á hendi eða taka að sér forræði lendna, þar sem íbúarnir hafa ekki enn öðlazt fulla sjálfsstjórn, viðurkenna þá grundvallarreglu, að hagsmunir íbúa þessara lendna séu fyrir öllu og telja sér það heilaga skyldu að stuðla af fremsta megni að vellíðan íbúa þessara lendna, innan þess kerfis til varðveizlu heimsfriðar og öryggis, sem stofnað er til með sáttmála þessum og í því skyni:

a. að tryggja með fullu tilliti til menningar þeirra þjóða, sem hlut eiga að máli, stjórnmála-, fjárhags-, félagsmála- og menntunarframfarir þeirra, réttláta meðferð á þeim og vernd gegn misnotkun;

Article 70

The Economic and Social Council may make arrangements for representatives of the specialised agencies to participate, without vote, in its deliberations and in those of the commissions established by it, and for its representatives to participate in the deliberations of the specialised agencies.

Article 71

The Economic and Social Council may make suitable arrangements for consultation with non-governmental organisations which are concerned with matters within its competence.

Such arrangements may be made with international organisations and, where appropriate, with national organisations after consultation with the Member of the United Nations concerned.

Article 72

1. The Economic and Social Council shall adopt its own rules of procedure including the method og selecting its President.

2. The Economic and Social Council shall meet as required in accordance with its rules, which shall include provision for the convening of meetings on request of a majority of its members.

Chapter XI.—Declaration Regarding Non-Self-Governing Territories.

Article 73

Members of the United Nations which have or assume responsibilities for the administration of territories whose peoples have not yet attained a full measure of self-government recognise the principle that the interests of the inhabitants of these territories are paramount, and accept as a sacred trust the obligation to promote to the utmost, within the system of international peace and security established by the present Charter, the well-being of the inhabitants of these territories, and to this end:—

(a) To ensure, with due respect for the culture of the peoples concerned, their political, economic, social and educational advancement, their just

b. að þroska þær til sjálfsstjórnar, að taka réttmætt tillit til stjórnmálalegra óska þjóðanna og aðstoða þær að því er snertir framþróun hinna frjálsu stjórnmálalegu stofnana þeirra í samræmi við hina sérstöku staðhætti hverrar lendu, aðstæður íbúa hennar og hið mismunandi þroskastig þeirra;
c. að stuðla að varðveizlu heimsfriðar og öryggis.
d. að gera ráðstafanir til eflingar framfara og þróunar, stuðla að vísindastarfsemi og hafa með sér samvinnu, og hvar og hvenær sem við á að hafa samvinnu við sérstakar alþjóðastofnanir í því skyni að framkvæma á sem haganlegastan hátt félagslegt, fjárhagslegt og vísindalegt markmið, sem um getur í þessari grein, og
e. að senda aðalforstjóranum reglulega til leiðbeininga, að því leyti sem öryggisástæður og stjórnarfarsleg ákvæði leyfa, upplýsingar hagfræðilegar og tæknilegar varðandi fjárhags-, félagsmála- og menntunarástand lendnanna, sem þeir hver um sig hafa forræði yfir, en nær þó ekki til þeirra lendna, sem XII. og XIII. kafli taka til.

74. gr.

Meðlimir hinna sameinuðu þjóða eru einnig á einu máli um það, að starfsaðferðir þeirra að því er þær lendur varðar, sem þessi kafli tekur til, skuli ekki síður en í þeirra eigin löndum grundvallast á hinni almennu meginreglu um vinsamlega sambúð, að tillit skuli tekið til hagsmuna og vellíðanar annarra þjóða í félagslegum, fjárhagslegum og viðskiptalegum efnum.

XII. KAFLI
Alþjóða gæzluverndarkerfi.

75. gr.

Hinar sameinuðu þjóðir setja á stofn samkvæmt valdi sínu alþjóða gæzluverndarkerfi til stjórnar og eftirlits með slíkum lendum, sem þær kunna að fá fortreatment, and their protection against abuses; 91 9. des.
(b) To develop self-government, to take due account of the political aspirations of the peoples, and to assist them in the progressive development of their free political institutions, according to the particular circumstances of each territory and its peoples and their varying stages of advancement;
(c) To further international peace and security;
(d) To promote constructive measures of development, to encourage research, and to co-operate with one another and, when and where appropriate, with specialised international bodies with a view to the practical achievement of the social, economic and scientific purposes set forth in this Article; and
(e) To transmit regularly to the Secretary-General for information purposes subject to such limitation as security and constitutional considerations may require, statistical and other information of a technical nature relating to economic, social and educational conditions in the territories for which they are respectively responsible other than those territories to which Chapters XII and XIII apply.

Article 74

Members of the United Nations also agree that their policy in respect of the territories to which this Chapter applies, no less than in respect of their metropolitan areas, must be based on the general principle of good neighbourliness due account being taken of the interests and well-being of the rest of the world, in social, economic and commercial matters.

Chapter XII.—International Trusteeship System

Article 75

The United Nations shall establish under its authority an international trusteeship system for the administration and supervision of such territories as may be

91 9. des.

ræði yfir samkvæmt síðari sérstaklega gerðum samningum. Hér á eftir verða þessar lendur nefndar gæzluverndarlendur.

76. gr.

Megintilgangur gæzluverndarkerfisins samkvæmt aðaltilgangi hinna sameinuðu þjóða, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessa sáttmála, skal vera:

a. að efla heimsfrið og öryggi;
b. að stuðla að framförum íbúa gæzluverndarlendnanna á sviði stjórnmála, fjármála, félagsmála og menntamála, og að vaxandi þróun þeirra til sjálfsstjórnar eða sjálfstæðis eins og hæfilegt kann að þykja með tilliti til hinna sérstöku kringumstæðna í sérhverri lendu og þeirra þjóða, sem þar eru, og eigin óska hlutaðeigandi þjóða, sem þeim er frjálst að láta í ljós, svo og samkvæmt þeim skilmálum, sem settir verða í sérhverjum gæzluverndarsamningi;
c. að auka virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum fyrir alla án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða, og til að auka viðurkenningu á gagnkvæmri samheldni milli þjóða heimsins, og
d. að tryggja sömu meðferð til handa öllum meðlimum hinna sameinuðu þjóða og ríkisborgara þeirra í félags-, fjárhags- og viðskiptamálum, og einnig sömu meðferð fyrir hina síðarnefndu í réttarfarsmálum, án þess þó að spilla fyrir því, að framangreindur tilgangur náist, svo og með tilliti til ákvæða 80. gr.

77. gr.

1. Gæzluverndarkerfið skal ná til þeirra lendna í eftirfarandi flokkaskipun, sem verða lagðar undir það samkvæmt gæzluverndarsamningum:

a. lendna, sem nú eru umboðssvæði;
b. lendna, sem verða aðskildar frá óvinaríkjum vegna síðari heimsstyrjaldarinnar, og
c. lendna, sem af frjálsum vilja eru settar undir kerfið af ríkjum, sem bera ábyrgð á stjórn þeirra.

placed thereunder by subsequent individual agreements. These territories are hereinafter referred to as Trust Territories.

Article 76

The basic objectives of the trusteeship system, in accordance with the Purposes of the United Nations laid down in Article 1 of the present Charter, shall be:—

(a) To further international peace and security;
(b) To promote the political, economic, social and educational advancement of the inhabitants of the Trust Territories, and their progressive development towards self-government or independence as may be appropriate to the particular circumstances of each territory and its peoples and the freely expressed wishes of the people concerned, and as may be provided by the terms of each trusteeship agreement;
(c) To encourage respect for human rights and for fundamental freedoms for all without distinction as to race, sex, language, or religion, and to encourage recognition of the interdependence of the peoples of the world; and
(d) To ensure equal treatment in social, economic and commercial matters for all Members of the United Nations and their nationals, and also equal treatment for the latter in the administration of justice, without prejudice to the attainment of the foregoing objectives and subject to the provisions of Article 80.

Article 77

1. The trusteeship system shall apply to such territories in the following categories as may be placed thereunder by means of trusteeship agreements:—

(a) Territories now held under mandate;
(b) Territories which may be detached from enemy states as a result of the Second World War; and
(c) Territories voluntarily placed under the system by states responsible for their administration.

2. Það fer eftir samningi síðar, hvaða lendur í framangreindri flokkaskipun skulu heimfærðar undir gæzluverndarkerfið og samkvæmt hvaða skilmálum.

78. gr.

Gæzluverndarkerfið nær ekki til lendna, sem hafa orðið meðlimir hinna sameinuðu þjóða, en sambandið milli hinna síðarnefndu skal byggt á virðingu fyrir þeirri grundvallarreglu, sem felst í jafnræði fullvalda ríkja.

79. gr.

Ákvæðin um gæzluvernd fyrir sérhverja lendu, sem setja skal undir gæzluverndarkerfið, þar á meðal sérhver breyting eða leiðrétting, skulu samþykkt af þeim ríkjum, sem málið skiptir beint, þar á meðal umboðsríkinu, þegar um lendu er að ræða, sem meðlimur hinna sameinuðu þjóða hefur sem umboðssvæði, og skulu þau samþykkt eins og fyrir er mælt í 83. og 85. gr.

80. gr.

1. Að undanteknu því, sem samið kann að verða um í einstökum gæzluverndarsamningum, gerðum samkvæmt ákvæðum 77., 79. og 81. gr., sem setja sérhverja lendu undir gæzluverndarkerfið, og þar til slíkir samningar hafa verið gerðir, skal ekkert í þessum kafla beint eða óbeint skýrt þannig, að það á nokkurn hátt breyti þeim réttindum, hvers kyns sem þau eru, nokkurra ríkja eða nokkurra þjóða eða ákvæðum gildandi alþjóðasamninga, sem meðlimir hinna sameinuðu þjóða kunna að vera aðilar að.

2. 1. liður þessarar greinar skal ekki skýrður þannig, að í honum felist ástæða til tafar eða frestunar samningaumleitunar og samningagerðar viðvíkjandi heimfærslu umboðssvæðis eða annarra lendna undir gæzluverndarkerfið samkvæmt fyrirmælum 77. gr.

81. gr.

Í gæzluverndarsamningnum skulu í sérhverju tilfelli vera ákvæði, sem gæzluverndarlendunni skal stjórnað eftir, og þar skal mælt fyrir um þau stjórnarvöld, sem hafa skulu framkvæmda-

2. It will be a matter for subsequent agreement as to which territories in the foregoing categories will be brought under the trusteeship system and upon what terms. 91 9. des.

Article 78

The trusteeship system shall not apply to territories which have become Members of the United Nations, relationship among which shall be based on respect for the principle of sovereign equality.

Article 79

The terms of trusteeship for each territory to be placed under the trusteeship system, including any alteration or amendment, shall be agreed upon by the states directly concerned, including the mandatory power in the case of territories held under mandate by a Member of the United Nations, and shall be approved as provided for in Articles 83 and 85.

Article 80

1. Except as may be agreed upon in individual trusteeship agreements, made under Articles 77, 79 and 81, placing each territory under the trusteeship system, and until such agreements have been concluded, nothing in this Chapter shall be construed in or of itself to alter in any manner the rights whatsoever of any states or any peoples or the terms of existing international instruments to which Members of the United Nations may respectively be parties.

2. Paragraph 1 of this Article shall not be interpreted as giving grounds for delay or postponement of the negotiation and conclusion of agreements for placing mandated and other territories under the trusteeship system as provided for in Article 77.

Article 81

The trusteeship agreement shall in each case include the terms under which the trust territory will be administered and designate the authority which will exercise the administration of the trust terri-

91 9. des.

stjórn í gæzluverndarlendunni á hendi. Þessi stjórnarvöld, sem hér á eftir verða nefnd framkvæmdastjórnin, geta verið eitt eða fleiri ríki eða bandalagið sjálft.

tory. Such authority, hereinafter called the administering authority, may be one or more states or the Organisation itself.

82. gr.

Heimilt er að ákveða eitt eða fleiri hernaðarleg svæði í sérhverjum gæzluverndarsamningi, sem geta náð yfir hluta af eða alla gæzluverndarlenduna, sem samningurinn gildir um, en slíkt skal þó eigi brjóta í bága við neinn sérsamning eða sérsamninga, sem gerðir eru samkvæmt 43. gr.

Article 82

There may be designated, in any trusteeship agreement, a strategic area or areas which may include part or all of the trust territory to which the agreement applies, without prejudice to any special agreement or agreements made under Article 43.

83. gr.

1. Öll störf hinna sameinuðu þjóða viðvíkjandi hernaðarlegum svæðum, þar á meðal samþykki á ákvæðum gæzluverndarsamninganna og breytingum eða leiðréttingum á þeim, skulu framkvæmd af öryggisráðinu.

2. Sá megintilgangur, sem nefndur er í 76. gr., skal ná til íbúanna á sérhverju hernaðarlegu svæði.

3. Öryggisráðið skal samkvæmt ákvæðum gæzluverndarsamninganna og án þess að slíkt komi í bága við það tillit, sem taka þarf til öryggis, færa sér í nyt aðstoð gæzluverndarráðsins við framkvæmd þeirra starfa hinna sameinuðu þjóða samkvæmt gæzluverndarkerfinu, sem snerta stjórnmál, fjárhagsmál, félagsmál og menntamál á hernaðarlegu svæðunum.

Article 83

1. All functions of the United Nations relating to strategic areas, including the approval of the terms of the trusteeship agreements and of their alteration or amendment, shall be exercised by the Security Council.

2. The basic objectives set forth in Article 76 shall be applicable to the people of each strategic area.

3. The Security Council shall, subject to the provisions of the trusteeship agreements and without prejudice to security considerations, avail itself of the assistance of the Trusteeship Council to perform those functions of the United Nations under the trusteeship system relating to political, economic, social, and educational matters in the strategic areas.

84. gr.

Framkvæmdastjórninni ber skylda til að tryggja, að gæzluverndarlendan taki sinn þátt í að varðveita heimsfrið og öryggi. Í þeim tilgangi heimilast framkvæmdastjórninni að færa sér í nyt sjálfboðalið, fríðindi og aðstoð frá gæzluverndarlendunni við framkvæmd þeirra skuldbindinga gagnvart öryggisráðinu, sem framkvæmdastjórnin hefur tekizt á hendur í þessu tilliti, svo og til varnar ákveðnum tilteknum stöðum og viðhalds lögum og rétti innan gæzluverndarlendunnar.

Article 84

It shall be the duty of the administering authority to ensure that the trust territory shall play its part in the maintenance of international peace and security. To this end the administering authority may make use of volunteer forces, facilities, and assistance from the trust territory in carrying out the obligations towards the Security Council undertaken in this regard by the administering authority, as well as for local defence and the maintenance of law and order within the trust territory.

85. gr.

1. Allsherjarþingið hefur með höndum störf hinna sameinuðu þjóða sam-

Article 85

1. The functions of the United Nations with regard to trusteeship agreements

kvæmt gæzluverndarsamningum fyrir öll svæði, sem ekki hefur verið ákveðið, að séu hernaðarleg svæði, þar á meðal samþykkt ákvæða gæzluverndarsamninganna og breytingar eða leiðréttingar á þeim.

2. Gæzluverndarráðinu, sem starfar í umboði allsherjarþingsins, ber að aðstoða allsherjarþingið við framkvæmd þessara starfa.

for all areas not designated as strategic, including the approval of the terms of the trusteeship agreements and of their alteration or amendment, shall be exercised by the General Assembly. 91 9. des.

2. The Trusteeship Council, operating under the authority of the General Assembly, shall assist the General Assembly in carrying out these functions.

XIII. KAFLI
Gæzluverndarráðið.
Skipan.

86. gr.

1. Gæzluverndarráðið skal skipa þessum meðlimum hinna sameinuðu þjóða:

a. þeim meðlimum, sem fara með stjórn gæzluverndarlendna;

b. þeim meðlimum þeirra, sem nefndir eru með nafni í 23. gr. og ekki fara með stjórn gæzluverndarlendna, og

c. svo mörgum öðrum meðlimum, kjörnum til þriggja ára af allsherjarþinginu, sem nauðsynlegt kann að vera til að tryggja það, að heildartala meðlima gæzluverndarráðsins skiptist að jöfnu milli þeirra hinna sameinuðu þjóða, sem fara með stjórn gæzluverndarlendna, og hinna, sem ekki gera það.

2. Hver meðlimur gæzluverndarráðsins skal tilnefna einn mann, sérstaklega til þess hæfan, að vera fulltrúa sinn í ráðinu.

Chapter XIII.—The Trusteeship Council—Composition

Article 86

1. The Trusteeship Council shall consist of the following Members of the United Nations:

(a) Those Members administering trust territories;

(b) Such of those members mentioned by name in Article 23 as are not administering trust territories; and

(c) As many other Members elected for three-year terms by the General Assembly as may be necessary to ensure that the total number of members of the Trusteeship Council is equally divided between those Members of the United Nations which administer trust territories and those which do not.

2. Each member of the Trusteeship Council shall designate one specially qualified person to represent it therein.

Störf og völd.

87. gr.

Til að framkvæma störf sín er allsherjarþinginu og gæzluverndarráðinu í umboði þess heimilt:

a. að athuga skýrslur lagðar fram af framkvæmdastjórninni;

b. að taka við bænaskrám og rannsaka þær í samráði við framkvæmdastjórnina;

c. að sjá öðru hverju um heimsóknir til hinna ýmsu gæzluverndarlendna, og hafi verið samið um heimsóknartímann við framkvæmdastjórnina; og

d. að haga þessum og öðrum framkvæmdum í samræmi við ákvæði gæzluverndarsamninganna.

Functions and Powers.

Article 87

The General Assembly and, under its authority, the Trusteeship Council, in carrying out their functions, may:—

(a) Consider reports submitted by the administering authority;

(b) Accept petitions and examine them in consultation with the administering authority;

(c) Provide for periodic visits to the respective Trust Territories at times agreed upon with the administering authority; and

(d) Take these and other actions in conformity with the terms of the trusteeship agreements.

91 9. des.

88. gr.

Gæzluverndarráðið skal semja spurningaskrá um stjórnmála-, fjárhags-, félagsmála- og menntunarframfarir íbúanna í hverri gæzluverndarlendu, og framkvæmdastjórnin í hverri gæzluverndarlendu, sem undir allsherjarþingið fellur, skal gefa allsherjarþinginu árlega skýrslu á grundvelli þessarar spurningaskrár.

Atkvæðagreiðsla.

89. gr.

1. Hver meðlimur gæzluverndarráðsins hefur eitt atkvæði.

2. Ákvarðanir gæzluverndarráðsins skulu teknar af meiri hluta meðlima, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða.

Fundarsköp.

90. gr.

1. Gæzluverndarráðið skal sjálft ákveða fundarsköp sín og starfsreglur, þar með talið, hvernig forseta ráðsins skuli kjósa.

2. Gæzluverndarráðið skal koma saman eftir þörfum samkvæmt því, er starfsreglur þess ákveða, en í þeim skulu vera ákvæði um kvaðningu til funda að ósk meiri hluta meðlima þess.

91. gr.

Gæzluverndarráðið skal, þegar henta þykir, færa sér í nyt aðstoð fjárhags- og félagsmálaráðsins og sérstofnananna um þau mál, sem þessa aðila varða sérstaklega.

XIV. KAFLI

Alþjóðadómstóllinn.

92. gr.

Alþjóðadómstóllinn skal vera aðaldómstóll hinna sameinuðu þjóða. Hann skal starfa samkvæmt hjálagðri samþykkt, sem byggð er á samþykktinni fyrir milliríkjadómstólinn og er óaðskiljanlegur hluti þessa sáttmála.

93. gr.

1. Allir meðlimir hinna sameinuðu þjóða eru *ipso facto* aðilar að samþykkt alþjóðadómstólsins.

Article 88

The Trusteeship Council shall formulate a *questionnaire* on the political, economic, social and educational advancement of the inhabitants of each trust territory, and the administering authority for each trust territory within the competence of the General Assembly shall make an annual report to the General Assembly upon the basis of such a *questionnaire*.

Voting

Article 89

1. Each member of the Trusteeship Council shall have one vote.

2. Decisions of the Trusteeship Council shall be made by a majority of the members present and voting.

Procedure

Article 90

1. The Trusteeship Council shall adopt its own rules and procedure, including the method of selecting its President.

2. The Trusteeship Council shall meet as required in accordance with its rules, which shall include provision for the convening of meetings on the request of a majority of its members.

Article 91

The Trusteeship Council shall, when appropriate, avail itself of the assistance of the Economic and Social Council and of the specialised agencies in regard to matters with which they are respectively concerned.

Chapter XIV.—The International Court of Justice

Article 92

The International Court of Justice shall be the principal judicial organ of the United Nations. It shall function in accordance with the annexed Statute, which is based upon the Statute of the Permanent Court of International Justice and forms an integral part of the present Charter.

Article 93

1. All Members of the United Nations are *ipso facto* parties to the Statute of the International Court of Justice.

2. Ríki, sem ekki telst til hinna sameinuðu þjóða, getur orðið aðili að samþykkt alþjóðadómstólsins með skilyrðum, sem ákveða skal í hverju sérstöku tilfelli af allsherjarþinginu að tillögu öryggisráðsins.

94. gr.

1. Sérhver meðlimur hinna sameinuðu þjóða skuldbindur sig til þess að hlíta úrskurði alþjóðadómstólsins í hverju því máli, sem hann er aðili að.

2. Láti nokkur aðili að máli bregðast að framkvæma þær skuldbindingar, sem honum ber samkv. dómsúrskurði alþjóðadómstólsins, getur hinn aðilinn skotið máli sínu til öryggisráðsins, sem getur, ef því þykir nauðsynlegt, gert tillögur eða ákveðið aðgerðir til þess að dóminum verði fullnægt.

95. gr.

Ekkert í þessum sáttmála getur hindrað meðlim hinna sameinuðu þjóða í því að fela öðrum dómstólum að útkljá deilumál sín samkvæmt samningum, er áður hafa verið gerðir eða gerðir kunna að verða.

96. gr.

1. Allsherjarþinginu eða öryggisráðinu er heimilt að æskja þess af alþjóðadómstólnum, að hann láti í té til leiðbeiningar álit sitt um sérhvert lagalegt atriði.

2. Aðrar stofnanir hinna sameinuðu þjóða og sérstofnanir, sem allsherjarþingið getur á hverjum tíma veitt slíka heimild, mega einnig æskja álitsgerða af dómstólnum til leiðbeiningar varðandi lagaleg atriði, er fram kunna að koma á verksviði þeirra.

XV. KAFLI

Skrifstofan.

97. gr.

Skrifstofan skal skipuð aðalforstjóra og því starfsliði, sem bandalagið þarfnast. Aðalforstjórinn skal skipaður af allsherjarþinginu samkvæmt tillögu öryggisráðsins. Hann hefur aðalframkvæmdastjórn bandalagsins með höndum.

2. A state which is not a Member of the United Nations may become a party to the Statute of the International Court of Justice on conditions to be determined in each case by the General Assembly upon the recommendation of the Security Council. 91 9. des.

Article 94

1. Each Member of the United Nations undertakes to comply with the decision of the International Court of Justice in any case to which it is a party.

2. If any party to a case fails to perform the obligations incumbent upon it under a judgment rendered by the Court, the other party may have recource to the Security Council, which may, if it deems necessary, make recommendations or decide upon measures to be taken to give effect to the judgment.

Article 95

Nothing in the present Charter shall prevent Members of the United Nations from entrusting the solution of their differences to other tribunals by virtue of agreements already in existence or which may be concluded in the future.

Article 96

1. The General Assembly or the Security Council may request the International Court of Justice to give an advisory opinion on any legal question.

2. Other organs of the United Nations and specialised agencies, which may at any time be so authorised by the General Assembly, may also request advisory opinion of the Court on legal questions arising within the scope of their activities.

Chapter XV.—The Secretariat

Article 97

The Secretariat shall comprise a Secretary-General and such staff as the Organisation may require. The Secretary-General shall be appointed by the General Assembly upon the recommendation of the Security Council. He shall be the chief administrative officer of the Organisation.

91 9. des.

98. gr.

Aðalforstjórinn skal sem slíkur sitja alla fundi allsherjarþingsins, öryggisráðsins, fjárhags- og félagsmálaráðsins og gæzluverndarráðsins og annast önnur þau störf, sem honum eru falin af þessum stofnunum. Aðalforstjórinn skal gefa allsherjarþinginu árlega skýrslu um starf bandalagsins.

99. gr.

Aðalforstjórinn getur vakið athygli öryggisráðsins á hverju því máli, sem að hans dómi kann að stofna í hættu varðveizlu heimsfriðar og öryggis.

100. gr.

1. Við skyldustörf sín skal aðalforstjórinn og starfsliðið hvorki leita fyrirmæla né taka við fyrirmælum frá nokkurri stjórn né nokkru öðru yfirvaldi utan bandalagsins. Þeir skulu varast hverja þá athöfn, sem er ósamrýmanleg stöðu þeirra sem alþjóðaembættismenn, er ábyrgir eru einvörðungu fyrir bandalaginu.

2. Sérhver meðlimur hinna sameinuðu þjóða skuldbindur sig til þess að virða hið algera alþjóðlega eðli þeirrar ábyrgðar, sem á aðalforstjóranum og starfsmönnum hans hvílir, og reyna ekki að hafa áhrif á þá við framkvæmd skyldustarfa þeirra.

101. gr.

1. Aðalforstjórinn skal skipa starfsmenn samkvæmt reglugerðum, er allsherjarþingið setur.

2. Hæfilegt fast starfslið skal ráðið til fjárhags- og félagsmálaráðsins, gæzluverndarráðsins og eftir þörfum annarra stofnana hinna sameinuðu þjóða. Þessi starfslið teljast hluti skrifstofunnar.

3. Höfuðatriðið við ráðningu starfsmanna og ákvörðun um starfskjör skal vera að tryggja, að fullnægt sé ýtrustu kröfum um dugnað, hæfni og heiðarleik. Gæta skal tilhlýðilega mikilvægi þess, að starfsmenn séu ráðnir á eins breiðum grundvelli landfræðilega og unnt er.

Article 98

The Secretary-General shall act in that capacity in all meetings of the General Assembly, of the Security Council, of the Economic and Social Council, and of the Trusteeship Council, and shall perform such other functions as are entrusted to him by these organs. The Secretary-General shall make an annual report to the General Assembly on the work of the Organisation.

Article 99

The Secretary-General may bring to the attention of the Security Council any matter which in his opinion may threaten the maintenance of international peace and security.

Article 100

1. In the performance of their duties the Secretary-General and the staff shall not seek or receive instructions from any government or from any other authority external to the Organisation. They shall refrain from any action which might reflect on their position as international officials, responsible only to the Organisation.

2. Each Member of the United Nations undertakes to respect the exclusively international character of the responsibilities of the Secretary-General and the staff and not to seek to influence them in the discharge of their responsibilities.

Article 101

1. The staff shall be appointed by the Secretary-General under regulations established by the General Assembly.

2. Appropriate staff shall be permanently assigned to the Economic and Social Council, the Trusteeship Council, and, as required, to other organs of the United Nations. These staffs shall form a part of the Secretariat.

3. The paramount consideration in the employment of the staff and in the determination of the conditions of service shall be the necessity of securing the highest standards of efficiency, competence and integrity. Due regard shall be paid to the importance of recruiting the staff on as wide a geographical basis as possible.

XVI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

102. gr.

1. Allir sáttmálar og allir alþjóðasamningar, sem einhver meðlimur hinna sameinuðu þjóða kann að gerast aðili að eftir að þessi sáttmáli tekur gildi, skal skrásettur hjá skrifstofunni eins fljótt og unnt er og birtur af henni.

2. Enginn aðili að slíkum sáttmála eða alþjóðasamningi, sem ekki hefur verið skrásettur samkvæmt ákvæðum 1. liðs þessarar greinar, getur áskilið sér not af þeim sáttmála eða samningi fyrir nokkurri stofnun hinna sameinuðu þjóða.

103. gr.

Ef svo ber til, að árekstur verði milli kvaða meðlima hinna sameinuðu þjóða samkvæmt þessum sáttmála og kvaða þeirra samkvæmt einhverjum öðrum alþjóðasamningi, skulu kvaðir þeirra samkvæmt þessum sáttmála sitja í fyrirrúmi.

104. gr.

Bandalagið skal njóta á umráðasvæði sérhvers meðlimanna þeirrar réttarstöðu, sem nauðsynleg kann að vera til framkvæmdar starfsemi þess og tilgangi.

105. gr.

1. Bandalagið skal njóta á umráðasvæði sérhvers meðlima þess þeirra sérréttinda og friðhelgi, sem nauðsyn er til þess að það nái tilgangi sínum.

2. Fulltrúi meðlima hinna sameinuðu þjóða og embættismenn bandalagsins skulu sömuleiðis njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi, sem nauðsynleg er til þess að þeir geti óháðir unnið störf sín í sambandi við bandalagið.

3. Allsherjarþingið getur gert tillögur í því skyni að ákveða í hverju atriði, hvernig framkvæma skuli ákvæði 1. og 2. liðs þessarar greinar, eða lagt tillögur um samþykktir í þessu skyni fyrir meðlimi hinna sameinuðu þjóða.

Chapter XVI.—Miscellaneous Provisions

Article 102

1. Every treaty and every international agreement entered into by any Member of the United Nations after the present Charter comes into force shall as soon as possible be registered with the Secretariat and published by it.

2. No party to any such treaty or international agreement which has not been registered in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article may invoke that treaty or agreement before any organ of the United Nations.

Article 103

In the event of a conflict between the obligations of the Members of the United Nations under the present Charter and their obligations under any other international agreement, their obligations under the present Charter shall prevail.

Article 104

The Organisation shall enjoy in the territory of each of its Members such legal capacity as may be necessary for the exercise of its functions and the fulfilment of its purposes.

Article 105

1. The Organisation shall enjoy in the territory of each of its Members such privileges and immunities as are necessary for the fulfilment of its purposes.

2. Representatives of the Members of the United Nations and officials of the Organisation shall similarly enjoy such privileges and immunities as are necessary for the independent exercise of their functions in connection with the Organisation.

3. The General Assembly may make recommendations with a view to determining the details of the application of paragraphs 1 and 2 of this Article or may propose conventions to the Members of the United Nations for this purpose.

91
9. des.

XVII. KAFLI
Millibils-öryggisákvæði.

106. gr.

Þar til gildi taka þeir sérstöku samningar, sem vikið er að í 43. gr. og að dómi öryggisráðsins heimila því að hefja störf sín samkvæmt 42. gr., skulu aðilarnir að fjögurra þjóða yfirlýsingunni, sem undirrituð var í Moskva 30. október 1943, svo og Frakkland, ráðgast hver við annan samkvæmt ákvæðum 5. gr. þeirrar yfirlýsingar, og eftir því sem ástæða er til við aðra meðlimi hinna sameinuðu þjóða, í því skyni að framkvæma sameiginlega fyrir hönd bandalagsins þær aðgerðir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að varðveita heimsfrið og öryggi.

107. gr.

Ekkert í þessum sáttmála skal ógilda eða koma í veg fyrir aðgerð, sem varðar eitthvert ríki, er í síðari heimsstyrjöldinni hefur verið óvinur einhvers þess aðila, er undirritað hefur þennan sáttmála enda hafi hún verið framkvæmd eða heimiluð sökum þeirrar styrjaldar af ríkisstjórnum, sem ábyrgar eru fyrir slíkri aðgerð.

XVIII. KAFLI
Breytingar.

108. gr.

Tillögur til breytinga á þessum sáttmála skulu ganga í gildi fyrir alla meðlimi hinna sameinuðu þjóða, þegar þær hafa verið samþykktar með atkvæðum tveggja þriðju hluta af meðlimum allsherjarþingsins og staðfestar samkvæmt stjórnskipunarvenjum hvers um sig af tveim þriðju hlutum meðlima hinna sameinuðu þjóða, þar í taldir allir fastir meðlimir öryggisráðsins.

109. gr.

1. Halda má allsherjarráðstefnu meðlima hinna sameinuðu þjóða í því skyni að endurskoða sáttmála þennan á þeim stað og stundu, sem ákveðið er með tveimur þriðju hlutum atkvæða fulltrúa á allsherjarþinginu og með atkvæðum 7

Chapter XVII.—Transitional Security Arrangements

Article 106

Pending the coming into force of such special agreements referred to in Article 43 as in the opinion of the Security Council enable it to begin the exercise of its responsibilities under Article 42, the parties to the Four-Nation Declaration, signed at Moscow, 30th October, 1943, and France, shall, in accordance with the provisions of paragraph 5 of that Declaration, consult with one another and as occasion requires with other Members of the United Nations with a view to such joint action on behalf of the Organisation as may be necessary for the purpose of maintaining international peace and security.

Article 107

Nothing in the present Charter shall invalidate or preclude action, in relation to any state which during the Second World War has been an enemy of any signatory to the present Charter, taken or authorised as a result of that war by the Governments having responsibility for such action.

Chapter XVIII.—Amendments

Article 108

Amendments to the present Charter shall come into force for all members of the United Nations when they have been adopted by a vote of two-thirds of the members of the General Assembly and ratified in accordance with their respective constitutional processes by two-thirds of the members of the United Nations, including all the permanent members of the Security Council.

Article 109

1. A General Conference of the Members of the United Nations for the purpose of reviewing the present Charter may be held at a date and place to be fixed by a two-thirds vote of the members of the General Assembly and by a vote of any

fulltrúa í öryggisráðinu. Sérhver meðlimur hinna sameinuðu þjóða hefur eitt atkvæði á ráðstefnunni.

2. Hver sú breyting á sáttmála þessum, sem tveir þriðju hlutar atkvæða á ráðstefnunni mæla með, tekur gildi, er hún hefur verið staðfest samkvæmt stjórnskipunarvenjum hvers um sig af tveimur þriðju hlutum meðlima hinna sameinuðu þjóða, þar með taldir allir hinir föstu meðlimir öryggisráðsins.

3. Hafi slík ráðstefna eigi verið haldin áður en tíunda árlega allsherjarþingið kemur saman til fundar eftir að sáttmáli þessi gengur í gildi, skal tillaga um að boða til slíkrar ráðstefnu sett á dagskrá þess allsherjarþings, og ráðstefnan haldin, ef meiri hluti fulltrúa allsherjarþingsins greiðir því atkvæði og sjö meðlimir öryggisráðsins.

XIX. KAFLI

Staðfesting og undirskriftir.

110. gr.

1. Sáttmáli þessi skal staðfestur af samningsaðilum samkvæmt stjórnskipunarvenjum hvers um sig.

2. Staðfestingar skulu fengnar til varðveizlu ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku, sem tilkynna skal öllum samningsaðilum hverja staðfestingu, svo og aðalforstjóra bandalagsins, þegar hann hefur verið skipaður.

3. Sáttmáli þessi skal ganga í gildi, er lagðar hafa verið fram staðfestingar lýðveldisins Kína, Frakklands, Sovétríkjanna, hins Sameinaða konungsríkis Stóra Bretlands og Norður-Írlands, Bandaríkja Ameríku og meiri hluta annarra samningsaðila. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal því næst láta skrá í gerðabók þær staðfestingar, sem fram hafa verið lagðar, og senda afrit af henni til allra samningsaðila.

4. Aðilar að sáttmála þessum, sem staðfesta hann eftir að hann hefur gengið í gildi, verða stofnmeðlimir hinna sameinuðu þjóða á þeim degi, er þeir leggja fram staðfestingu sína.

seven members of the Security Council. Each Member of the United Nations shall have one vote in the conference. 91 9. des.

2. Any alteration of the present Charter recommended by a two-thirds vote of the conference shall take effect when ratified in accordance with their respective constitutional processes by two-thirds of the Members of the United Nations including all the permanent members of the Security Council.

3. If such a conference has not been held before the tenth annual session of the General Assembly following the coming into force of he present Charter, the proposal to call such a conference shall be placed on the agenda of that session of the General Assembly, and the conference shall be held if so decided by a majority vote of the members of the General Assembly and by a vote of any seven members of the Security Council.

Chapter XIX.—Ratification and Signature

Article 110

1. The present Charter shall be ratified by the signatory states in accordance with their respective constitutional processes.

2. The ratification shall be deposited with the Government of the United States of America, which shall notify all the signatory states of each deposit as well as the Secretary-General of the Organisation when he has been appointed.

3. The present Charter shall come into force upon the deposit of ratifications by the Republic of China, France, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America, and by a majority of the other signatory states. A protocol of the ratifications deposited shall thereupon be drawn up by the Government of the United States of America which shall communicate copies thereof to all the signatory States.

4. The states signatory to the present Charter which ratify it after it has come into force will become original members of the United Nations on the date of the deposit of their respective ratifications.

91 9. des.

111. gr.

Sáttmáli þessi, sem gerður er á kínversku, frönsku, rússnesku, ensku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveittur í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum annarra samningsaðila staðfest afrit af sáttmálanum.

Til staðfestu því hafa fulltrúar ríkisstjórna hinna sameinuðu þjóða* undirritað þennan sáttmála.

Gert í borginni San Francisco hinn tuttugasta og sjötta dag júnímánaðar árið eitt þúsund níuhundruð fjörutíu og fimm.

Article 111

The present Charter of which the Chinese, French, Russian, English and Spanish texts are equally authentic, shall remain deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of the other signatory states.

In faith whereof the representatives of the Governments of the United Nations* have signed the present Charter.

Done at the City of San Francisco the twenty-sixth day of June, one thousand nine hundred and forty-five.

Samþykktir milliríkjadómsins.

1. gr.

Milliríkjadómurinn, sem stofnaður er samkvæmt stofnskrá sameinuðu þjóðanna og er aðaldómstóll þeirra, skal vera skipaður og starfa samkvæmt samþykktum þessum.

I. KAFLI
Skipun dómstólsins.

2. gr.

Dómstóllinn skal vera skipaður óháðum dómendum. Eigi skiptir þjóðerni þeirra máli, enda skulu þeir vera vammlausir menn og búnir þeim kostum, sem heimtaðir eru í landi hvers þeirra um sig til skipunar í æðstu lögfræðiembætti eða vera viðurkenndir sérfræðingar í þjóðarétti.

Statute of the International Court of Justice

Article 1

The international Court of Justice established by the Charter of the United Nations as the principal judicial organ of the United Nations shall be constituted and shall function in accordance with the provisions of the present Statute.

Chapter I.—Organisation of the Court

Article 2

The Court shall be composed of a body of independent judges, elected regardless of their nationality from among persons of high moral character, who possess the qualifications required in their respective countries for appointment to the highest judicial offices, or are jurisconsults of recognised competence in international law.

---

* *Aths.* Fulltrúar þessara ríkisstjórna undirrituðu sáttmálann: Kína. Sovétríkin. Hið Sameinaða konungsríki Stóra Bretland og Norður-Írland. Frakkland. Argentína. Ástralía. Belgía. Bólivia. Brazilía. Hvíta Rússland. Kanada. Chile. Colombía. Costa Rica. Kúba. Tékkóslóvakía. Danmörk. Dominiska lýðveldið. Ecuador. Egyptaland. Salvador. Abessinía. Grikkland, Guatemala. Haiti. Honduras. Indland. Iran. Irak. Libanon. Libería. Luxemburg. Mexikó. Holland. Nýja Sjáland. Nicaragua. Noregur. Panama. Paraguay. Perú. Filippseyjar. Saudi Arabía. Sýrland. Tyrkland. Ukraina. Suður-Afríka. Uruguay. Venezuela. Jugoslavía. Bandaríki Ameríku.

* *Note.* — Representatives of the following Governments signed the Charter:—China. Union of Soviet Socialist Republics. United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland. France. Argentina. Australia. Belgium. Bolivia. Brazil. Byelo-Russian S.S.R. Canada. Chile. Columbia. Costa Rica. Cuba. Czechoslovakia. Denmark. Dominican Republic. Ecuador. Egypt. El Salvador. Ethiopia. Greece. Guatemala. Haiti. Honduras. India. Iran. Iraq. Lebanon. Liberia. Luxembourg. Mexico. Netherlands. New Zealand. Nicaragua. Norway. Panama. Paraguay. Peru. Philippine Commonwealth. Saudi Arabia. Syria. Turkey. Ukrainian S.S.R. Union of South Africa. Uruguay. Venezuela. Yugoslavia. United States of America.

3. gr.

1. Dómstóllinn skal vera skipaður fimmtán dómendum, enda mega engir tveir þeirra vera þegnar sama ríkis.

2. Nú kann að mega telja einhvern þeirra, er til greina má koma til kjörs í dómstólinn, þegn tveggja eða fleiri ríkja, og skal þá meta hann þegn þess ríkis, þar sem hann neytir að jafnaði borgaralegra og þjóðlegra réttinda.

4. gr.

1. Þing (General Assembly) hinna sameinuðu þjóða og öryggisráð (Security Council) velur dómendur úr mönnum, sem dómaranefndir hvers ríkis í fasta gerðardóminum í Haag hafa tilnefnt, samkvæmt fyrirmælum þeim, sem hér fara á eftir.

2. Nú er félagi í bandalagi sameinuðu þjóðanna ekki aðili um fasta gerðardóminn, og skulu dómaraefni þá tilnefnd af dómaranefndum, er hlutaðeigandi ríkisstjórnir nefna með þeim hætti, sem mælt er um dómendur fasta gerðardómsins í 44. gr. samþykktarinnar í Haag frá 1907, um friðsamlega lausn milliríkjadeilna.

3. Nú er ríki aðili um milliríkjadóminn, en ekki félagi i bandalagi hinna sameinuðu þjóða, og skal þá þing þeirra ákveða eftir tillögum öryggisráðsins, með hverjum hætti ríkið megi taka þátt í kjöri dómara í millríkjadóminn, enda hafi ekki verið samið um það sérstaklega.

5. gr.

1. Framkvæmdastjóri hinna sameinuðu þjóða skal að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir dómarakjörið senda aðilum fasta gerðardómsins, sem eru einnig aðilar um milliríkjadóminn, og dómaranefndum, skipuðum svo sem í 4. gr. 2. tölul. greinir, skrifleg tilmæli um það, að þeir tilnefni innan tiltekins tíma, hver nefnd fyrir sig, hæfa menn til setu í dómstólnum.

2. Engin dómaranefnd má tilnefna fleiri en fjóra, enda mega ekki fleiri en tveir vera samþegnar hennar. Og aldrei mega tilnefndir dómendur vera meira en

Article 3

1. The Court shall consist of fifteen members, no two of whom may be nationals of the same state. 91 9. des.

2. A person who for the purposes of membership in the Court could be regarded as a national of more than one state shall be deemed to be a national of the one in which he ordinarily exercises civil and political rights.

Article 4

1. The members of the Court shall be elected by the General Assembly and by the Security Council from a list of persons nominated by the national groups in the Permanent Court of Arbitration, in accordance with the following provisions.

2. In the case of Members of the United Nations not represented in the Permanent Court of Arbitration, candidates shall be nominated by national groups appointed for this purpose by their Governments under the same conditions as those prescribed for members of the Permanent Court of Arbitration by Article 44 of the Convention of The Hague of 1907 for the pacific settlement of international disputes.

3. The conditions under which a state which is a party to the present Statute but is not a Member of the United Nations may participate in electing the members of the Court shall, in the absence of a special agreement, be laid down by the General Assembly upon recommendation of the Security Council.

Article 5

1. At least three months before the date of the election, the Secretary-General of the United Nations shall address a written request to the members of the Permanent Court of Arbitration belonging to the states which are parties to the present Statute, and to the members of the national groups appointed under Article 4, paragraph 2, inviting them to undertake, within a given time, by national groups, the nomination of person in a position to accept the duties of a member of the Court.

2. No group may nominate more than

91 9. des.

tvöfalt fleiri en þau dómarasæti, er í skal skipa.

four persons, not more than two of whom shall be of their own nationality. In no case may the number of candidates nominated by a group be more than double the number of seats to be filled.

6. gr.

Mælzt er til þess, að sérhver dómaranefnd ráðfæri sig við æðsta dómstól sinn, lagadeildir sínar og lagaskóla og háskóla sína og deildir alþjóða háskóla, þar sem laganám er stundað, áður en hún tilnefni dómaraefni.

Article 6

Before making these nominations, each national group is recommended to consult its highest court of justice, its legal faculties and schools of law, and its national academies and national sections of international academies devoted to the study of law.

7. gr.

1. Framkvæmdastjóri (General Secretary) sameinuðu þjóðanna skal gera skrá í stafrófsröð um öll tilnefnd dómaraefni, enda skulu þau ein vera kjörgeng, sbr. þó ákvæði 12. gr. 2. tölul.

2. Framkvæmdastjóri skal leggja skrána fyrir þing sameinuðu þjóðanna og öryggisráðið.

Article 7

1. The Secretary-General shall prepare a list in alphabetical order of all the persons thus nominated. Save as provided in Article 12, paragraph 2, these shall be the only persons eligible.

2. The Secretary-General shall submit this list to the General Assembly and to the Security Council.

8. gr.

Þing hinna sameinuðu þjóða og öryggisráð skulu hvort öðru óháð vinna að kjöri dómenda.

Article 8

The General Assembly and the Security Council shall proceed independently of one another to elect the members of the Court.

9. gr.

Þegar velja skal dómendur, þá skulu kjósendur jafnan bæði gæta þess, að dómaraefni séu hvert um sig búin þeim kostum, sem krafizt er, og einnig að tryggt sé, að í dóminum í heild sinni verði málsvarar höfuðmenningartegunda og höfuðlögskipana heimsins.

Article 9

At every election, the electors shall bear in mind not only that the persons to be elected should individually possess the qualifications required, but also that in the body as a whole the representation of the main forms of civilisation and of the principal legal systems of the world should be assured.

10. gr.

1. Dómaraefni, sem algeran meiri hluta atkvæða hafa hlotið á þingi sameinuðu þjóðanna og í öryggisráði, skal telja kjörna.

2. Um atkvæðagreiðslu í öryggisráði er svo mælt, að engan mun skal gera á atkvæðum fastra eða lausra félaga þess, hvort sem um er að tefla kjör dómenda eða tilnefningu til samkomu þeirrar, er í 12. gr. segir.

3. Nú fá fleiri en einn þegn sama ríkis algeran meiri hluta atkvæða bæði

Article 10

1. Those candidates who obtain an absolute majority of votes in the General Assembly and in the Security Council shall be considered as elected.

2. Any vote of the Security Council, whether for the election of judges or for the appointment of members of the conference envisaged in Article 12, shall be taken without any distinction between permanent and non-permanent members of the Security Council.

3. In the event of more than one na-

þings og öryggisráðs, og skal þá einungis hinn eldri eða elzti þeirra teljast kjörinn.

11. gr.

Nú verða eitt eða fleiri sæti laus eftir að fyrsti kjörfundur hefur verið haldinn, og skal þá halda annan fund eða hinn þriðja, ef nauðsyn ber til.

12. gr.

1. Nú verða eitt eða fleiri sæti auð eftir þriðja fundarhaldið, og má þá eftir kröfu þings eða öryggisráðs hvenær sem er efna til sameiginlegrar samkomu, er skipuð sé 6 mönnum, enda nefni þing og öryggisráð sína þrjá hvort. Á samkoma þessi að tilnefna með algerum meiri hluta atkvæða einn mann í hvert autt sæti, enda skal kjörið lagt fyrir þing og ráð til samþykkis þeirra hvors um sig.

2. Nú tilnefnir sameiginlega samkoman með öllum atkvæðum dómara, sem er öllum lögmæltum kostum búinn, og getur hún þá sett hann á dómaraskrá, enda þótt hann sé ekki á skrá dómaraefna, þeirri er í 7. gr. getur.

3. Nú hefur sameiginlega samkoman gengið úr skugga um það, að henni muni ekki heppnast að leiða kjörið til lykta, og skulu þá þeir dómendur milliríkjadómsins, sem þegar hafa verið kjörnir, gera gangskör að því að skipa í auðu sætin innan þess tíma, er öryggisráð ákveður, enda skal velja dómendur úr dómaraefnum þeim, sem annaðhvort hafa fengið atkvæði á þingi eða í öryggisráði.

4. Nú verða atkvæði dómenda jafnmörg hvorum megin, og ræður þá atkvæði elzta dómarans.

13. gr.

1. Dómara milliríkjadóms skal velja til 9 ára, enda má endurkjósa þá. Þó er svo mælt, að fimm þeirra dómenda, sem fyrsta sinni voru kjörnir, skuli fara frá að þremur árum liðnum, og að aðrir fimm dómendur skuli fara frá eftir sex ár.

2. Dómendur þeir, er fara skulu frá að

tional of the same state obtaining an absolute majority of the votes both of the General Assembly and of the Security Council, the eldest of these only shall be considered as elected. 91 9. des.

Article 11

If, after the first meeting held for the purpose of the election, one or more seats remain to be filled, a second and, if necessary, a third meeting shall take place.

Article 12

1. If, after the third meeting, one or more seats still remain unfilled, a joint conference consisting of six members, three appointed by the General Assembly and three by the Security Council, may be formed at any time at the request of either the General Assembly or the Security Council, for the purpose of choosing by the vote of an absolute majority one name for each seat still vacant, to submit to the General Assembly and the Security Council for their respective acceptance.

2. If the joint conference is unanimously agreed upon any person who fulfils the required conditions, he may be included in its list, even though he was not included in the list of nominations referred to in Article 7.

3. If the joint conference is satisfied that it will not be successful in procuring an election, those members of the Court who have already been elected shall, within a period to be fixed by the Security Council, proceed to fill the vacant seats by selection from among those candidates who have obtained votes either in the General Assembly or in the Security Council.

2. In the event of an equality of votes among the judges, the eldest judge shall have a casting vote.

Article 13

1. The members of the Court shall be elected for nine years and may be reelected; provided, however, that of the judges elected at the first election, the terms of five judges shall expire at the end of three years and the terms of five more judges shall expire at the end of six years.

91 liðnum áðurnefndum þremur og sex ára
9. des. upphafstímabilum, skulu dregnir út með hlutkesti af framkvæmdastjóra þegar eftir lok fyrstu kosningar.

3. Dómendur skulu gegna störfum sínum þar til er sæti þeirra hafa verið skipuð af nýju. Lúka skulu þeir þó hverju því máli, er þeir hafa byrjað á, enda þótt annar komi í sæti þeirra.

4. Nú beiðist dómari lausnar, og skal hann þá stíla lausnarbeiðni sína til forseta dómsins, enda sé hún send áfram til framkvæmdastjóra. Verður sætið autt, er hún er þangað komin.

14. gr.

Skipa skal í sæti, er laust verður, með sama hætti og mælt var um kosningu fyrsta sinni, svo sem hér segir: Framkvæmdastjóri skal innan mánaðar eftir að sæti varð laust, senda tilmæli samkvæmt 5. gr., enda skal öryggisráð ákveða kjördag.

15. gr.

Dómandi, sem kjörinn hefur verið í stað dómara, sem ekki hefur endað kjörtíma sinn, skal gegna stöðunni, þar til er kjörtími formanns hans er liðinn.

16. gr.

1. Enginn dómari má gegna nokkru starfi í þágu framkvæmdavalds eða stjórnmála, né heldur taka þátt í nokkurri atvinnusýslan.

2. Dómurinn sker úr sérhverjum vafa í þessu efni.

17. gr.

1. Enginn dómari má vera umboðsmaður, ráðunautur eða talsmaður í nokkru máli.

2. Enginn dómari má taka þátt í meðferð máls, þar sem hann hefur áður verið umboðsmaður, ráðunautur eða talsmaður annars hvors aðila eða dómari í dómi einhvers ríkis eða í milliríkjadómi, í rannsóknarnefnd eða starfað að því með nokkrum öðrum hætti.

2. The judges whose terms are to expire at the end of the above-mentioned initial periods of three and six years shall be chosen by lot to be drawn by the Secretary-General immediately after the first election has been completed.

3. The members of the Court shall continue to discharge their duties until their places have been filled. Though replaced, they shall finish any cases wich they may have begun.

4. In the case of the resignation of a member of the Court, the resignation shall be addressed to the President of the Court for transmission to the Secretary-General. This last notification makes the place vacant.

Article 14

Vacancies shall be filled by the same method as that laid down for the first election, subject to the following provision: The Secretary-General shall, within one month of the occurrence of the vacancy, proceed to issue the invitations provided for in Article 5, and the date of the election shall be fixed by the Security Council.

Article 15

A member of the Court elected to replace a member whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of his predecessor's term.

Article 16

1. No member of the Court may exercise any political or administrative function, or engage in any other occupation of a professional nature.

2. Any doubt on this point shall be settled by the decision of the Court.

Article 17

1. No member of the Court may act as agent, counsel or advocate in any case.

2. No member may participate in the decision of any case in which he has previously taken part as agent, counsel, or advocate for one of the parties, or as a member of a national or international court, or of a commission of enquiry, or in any other capacity.

3. Dómur sker sjálfur úr sérhverjum vafa í þessu efni.

18. gr.

1. Eigi verður dómanda vikið úr stöðu sinni, nema hann hafi samkvæmt einróma áliti samdómenda sinna misst lögmælt skilyrði til setu í dómi.

2. Þetta skal tilkynnt framkvæmdastjóra í embættisnafni.

3. Sæti dómarans verður autt, er tilkynning hefur farið fram.

19. gr.

Dómendur skulu, er þeir gegna störfum í þarfir dómsins, njóta sérréttinda og friðhelgi stjórnmálaerindreka ríkja.

20. gr.

Sérhver dómandi skal gefa hátíðlega yfirlýsingu um það fyrir dómi í heyranda hljóði, áður en hann tekur til starfa, að hann skuli gegna stöðu sinni óhlutdrægt og samvizkusamlega.

21. gr.

1. Dómurinn velur forseta sinn og varaforseta til þriggja ára. Þá má endurkjósa.

2. Dómurinn skipar ritara sinn og sér um skipun annarra starfsmanna eftir þörfum.

22. gr.

1. Dómurinn skal hafa aðsetur í Haag. Þetta skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að dómurinn heyi dómþing og gegni störfum hvar sem vera skal, hvenær sem hann telur það æskilegt.

2. Forseti dómsins og ritari skulu sitja á aðsetursstað hans.

23. gr.

1. Dómurinn skal stöðugt vera starfskyldur, nema í dómleyfum, enda kveður dómurinn á um það, hvenær leyfi skuli vera og hversu löng.

2. Dómendum eru heimil leyfi um stundarsakir, enda lætur dómur mælt um það, hvenær og hversu löng leyfi skuli vera, og skal þá hafa hliðsjón af fjarlægðinni milli Haag og heimilis dómanda.

3. Dómendum skal skylt að vera stöð-

3. Any doubt on this point shall be settled by the decision of the Court. 91 9. des.

Article 18

1. No member of the Court can be dismissed unless, in the unanimous opinion of the other members, he has ceased to fulfil the required conditions.

2. Formal notification thereof shall be made to the Secretary-General by the Registrar.

3. This notification makes the place vacant.

Article 19

The members of the Court, when engaged on the business of the Court, shall enjoy diplomatic privileges and immunities.

Article 20

Every member of the Court shall, before taking up his duties, make a solemn declaration in open court that he vill exercise his powers impartially and conscientiously.

Article 21

1. The Court shall elect its President and Vice-President for three years; they may be re-elected.

2. The court shall appoint its Registrar and may provide for the appointment of such other officers as may be necessary.

Article 22

1. The seat of the Court shall be established at The Hague. This, however, shall not prevent the Court from sitting and exercising its functions elsewhere whenever the Court considers it desirable.

2. The President and the Registrar shall reside at the seat of the Court.

Article 23

1. The Court shall remain permanently in session, except during the judicial vacations, the dates and durations of which shall be fixed by the Court.

2. Members of the Court are entitled to periodic leave, the dates and duration of which shall be fixed by the Court, having in mind the distance between The Hague and the home of each judge.

3. Members of the Court shall be bound, unless they are on leave or prevented

91 ugt viðbúnir störfum í dómsins þágu,
9. des. nema þeir eigi leyfi eða sjúkdómur eða aðrar alvarlegar nauðsynjar banni, enda sé forseta gerð viðeigandi grein fyrir þeim.

24. gr.

1. Nú telur dómandi sérstaka ástæðu til þess, að hann taki ekki þátt í meðferð tiltekins máls, og skal hann þá tjá forseta það.

2. Nú telur forseti sérstaka ástæðu til þess, að dómandi taki ekki þátt í meðferð tiltekins máls, og skal hann þá tjá dómanda hana.

3. Nú kemur hlutaðeigandi dómara og forseta ekki saman, og skal dómurinn þá skera úr.

25. gr.

1. Dómendur skulu allir taka þátt í meðferð máls, nema berum orðum sé öðruvísi mælt í samþykktum þessum.

2. Í reglugerð dómstólsins má kveða svo á, að leysa megi dómanda, einn eða fleiri, undan þátttöku í málsmeðferð eftir kringumstæðum og til skiptis, enda verði þeir dómendur, er dómþing heyja, aldrei færri en ellefu.

3. Rétt er að setja dómþing með níu dómendum.

26. gr.

1. Dómstólnum er rétt að skipa sér við og við í deildir, eina eða fleiri, skipaðar þremur dómendum eða fleiri eftir ákvörðun sinni, til þess að fara með sérstök mál, svo sem verkamál og samgöngumál.

2. Dómstólnum er rétt hvenær sem er að skipa sér í deildir til meðferðar einstakra mála. Dómurinn ákveður dómendafjölda í slíkri deild með samþykki málsaðila.

3. Deild samkvæmt þessari grein rannsakar og úrskurðar mál, ef aðilar krefjast þess.

27. gr.

Dóm, kveðinn upp af deild samkvæmt 26. og 29. grein, skal meta svo sem dómstóllinn hefði kveðið hann upp.

from attending by illness or other serious reasons duly explained to the President, to hold themselves permanently at the disposal of the Court.

Article 24

1. If, for some special reason, a member of the court considers that he should not take part in the decision of a particular case, he shall so inform the President.

2. If the President considers that for some special reason one of the members of the Court should not sit in a particular case, he shall give him notice accordingly.

3. If in any such case the member of the Court and the President disagree, the matter shall be settled by the decision of the Court.

Article 25

1. The full Court shall sit except when it is expressly provided otherwise in the present Statute.

2. Subject to the condition that the number of judges available to constitute the Court is not thereby reduced below eleven, the Rules of the Court may provide for allowing one or more judges, according to circumstances and in rotation, to be dispensed from sitting.

3. A quorum of nine judges shall suffice to constitute the Court.

Article 26

1. The Court may from time to time form one or more chambers, composed of three or more judges as the Court may determine, for dealing with particular categories of cases; for exampel, labour cases and cases relating to transit and communications.

2. The Court may at any time form a chamber for dealing with a particular case. The number of judges to constitute such a chamber shall be determined by the Court with the approval of the parties.

3. Cases shall be heard and determined by the chambers provided for in this Article if the parties so request.

Article 27

A judgment given by any of the chambers provided for in Articles 26 and 29 shall be considered as rendered by the Court.

28. gr.

Deildir samkvæmt 26. og 29. gr. mega, ef aðilar samþykkja, heyja dómþing og fara með störf sín hvar sem er utan Haagborgar.

29. gr.

Dómstóllinn skal árlega skipa deild fimm dómenda, er rannsaka skuli og úrskurða, samkvæmt kröfu aðila, mál með skjótlegri meðferð, til þess að flýta fyrir afgreiðslu dómstarfanna. Til viðbótar skal velja tvo dómendur til þess að koma í stað dómenda, sem telja sér ómögulegt að taka þátt í meðferð máls.

30. gr.

1. Dómstóllinn skal setja reglugerð um framkvæmd starfa sinna. Sérstaklega skal þar kveða á um meðferð mála.

2. Í reglugerð dómstólsins má setja ákvæði um atkvæðislausa aukamenn, er taki sæti í dómstólnum eða deildum hans.

31. gr.

1. Dómandi sama þjóðernis sem annar hvor málsaðila skal halda rétti sínum til þátttöku í meðferð máls fyrir dómi.

2. Nú situr dómandi sama þjóðernis sem annar aðila í dómi, og má þá hinn aðilinn kjósa sér mann til meðferðar dómstarfa í því máli. Slíkan dómanda skal einkum velja úr þeim, sem hafa verið tilnefndir dómaraefni samkvæmt 4. og 5. gr.

3. Nú situr enginn maður í dómi sama þjóðernis sem aðilar, og er þá hvorum þeirra rétt að velja dómara svo sem mælt er í 2. tölul. þessarar greinar.

4. Ákvæði þessarar greinar skulu og taka til tilvika þeirra, er í 26. og 29. gr. segir. Og skal þá forseti biðja einn eða, ef þörf krefur, tvo þeirra dómenda, er deild skipa, að víkja fyrir dómendum sama þjóðernis sem aðilar, og ef enginn er slíkur eða hann getur ekki tekið sæti, þá fyrir dómendum, er aðilar hafa sérstaklega kjörið.

5. Nú eru aðilar fleiri en einn að sama hagsmunamáli, og skal þá um framangreind ákvæði telja þá einn og sama aðila. Dómurinn sker úr sérhverju slíku vafaatriði.

6. Dómendur, kjörnir samkvæmt 2., 3.

Article 28

The chambers provided for in Articles 26 and 29 may, with the consent of the parties, sit and exercise their functions elsewhere than at The Hague.

Article 29

With a view to the speedy dispatch of business, the Court shall form annually a chamber composed of five judges which, at the request of the parties, may hear and determine cases by summary procedure. In addition, two judges shall be selected for the purpose of replacing judges who find it impossible to sit.

Article 30

1. The Court shall frame rules for carrying out its functions. In particular, it shall lay down rules of procedure.

2. The Rules of the Court may provide for assessors to sit with the Court or with any of its chambers, without the right to vote.

Article 31

1. Judges of the nationality of each of the parties shall retain their right to sit in the case before the Court.

2. If the Court includes upon the Bench a judge of the nationality of one of the parties, any other party may choose a person to sit as judge. Such person shall be chosen preferably from among those persons who have been nominated as candidates as provided in Articles 4 and 5.

3. If the Court includes upon the Bench no judge of the nationality of the parties, each of these parties may proceed to choose a judge as provided in paragraph 2 of this Article.

4. The provisions of this Article shall apply to the case of Articles 26 and 29. In such cases, the President shall request one or, if necessary, two of the members of the Court forming the chamber to give place to the members of the Court of the nationality of the parties concerned, and, failing such or if they are unable to be present, to the judges specially chosen by the parties.

5. Should there be several parties in the same interest, they shall, for the purpose of the preceding provisions, be reckoned as one party only. Any doubt upon

91 9. des.

og 4. tölulið þessarar greinar, skulu fullnægja skilyrðum þeim, sem krafizt er í 2. gr., 17. gr. (2. tölul.), 20. og 24. gr. samþykkta þessara. Þeir skulu taka þátt í dómsúrlausn með öllum sömu réttindum sem starfsbræður þeirra.

32. gr.

1. Dómandi hver skal fá árleg laun.

2. Forseti skal fá sérstaka árlega viðbót.

3. Varaforseti skal fá sérstaka viðbót fyrir hvern dag, er hann gegnir forsetastörfum.

4. Dómendur kjörnir samkvæmt 31. gr., aðrir en reglulegir dómendur, skulu fá þóknun fyrir hvern dag, er þeir gegna dómstörfum.

5. Laun þessi, launabætur og þóknun skal þingið ákveða.

6. Laun dómritara skal þingið ákveða eftir tillögum dómstólsins.

7. Þingið skal setja ákvæði um skilyrði til greiðslu eftirlauna til dómenda og dómritara og skilyrði til endurgreiðslu ferðakostnaðar til dómenda og dómritara.

8. Framangreind laun, launaviðbætur og þóknun skulu vera undan öllum sköttum þegin.

33. gr.

Hinar sameinuðu þjóðir greiða allan kostnað af dóminum með þeim hætti, er þingið ákveður.

II. KAFLI

Valdsvið dómstólsins.

34. gr.

1. Ríki ein mega vera aðilar mála fyrir dómstólnum.

2. Dómstóllinn getur, eftir fyrirmælum í reglugerð sinni og samkvæmt þeim, krafizt upplýsinga af opinberum alþjóða-

this point shall be settled by the decision of the Court.

6. Judges chosen as laid down in paragraphs 2, 3 and 4 of this Article shall fulfil the conditions required by Articles 2, 17 (paragraph 2), 20 and 24 of the present Statute. They shall take part in the decision on terms of complete equality with their colleagues.

Article 32

1. Each member of the Court shall receive an annual salary.

2. The President shall receive a special annual allowance.

3. The Vice-President shall receive a special allowance for every day on which he acts as President.

4. The judges chosen under Article 31, other than members of the Court, shall receive compensation for each day on which they exercise their functions.

5. These salaries, allowances, and compensation shall be fixed by the General Assembly. They may not be decreased during the term of office.

6. The salary of the Registrar shall be fixed by the General Assembly on the proposal of the Court.

7. Regulations made by the General Assembly shall fix the conditions under which retirement pensions may be given to members of the Court and to the Registrar, and the conditions under which members of the Court and the Registrar shall have their travelling expenses refunded.

8. The above salaries, allowances, and compensation shall be free of all taxation.

Article 33

The expenses of the Court shall be borne by the United Nations in such a manner as shall be decided by the General Assembly.

Chapter II.—Competence of the Court.

Article 34

1. Only states may be parties in cases before the Court.

2. The Court, subject to and in confirmity with its Rules, may request of public international organisations infor-

stofnunum varðandi mál, sem fyrir honum eru, enda skulu slíkar stofnanir veita dómstólnum þess konar upplýsingar ótilkvaddar.

3. Hvenær sem túlkun á stofnskrá opinberrar alþjóðastofnunar eða á milliríkjasamningi, gerðum í sambandi við hana, ber undir dóminn, þá skal dómritari tilkynna það hlutaðeigandi opinberri alþjóðastofnun og fá henni í hendur eftirrit af öllum málsskjölunum.

35. gr.

1. Dómurinn skal heimill öllum ríkjum, sem aðilar eru að samþykktum þessum.

2. Öryggisráðið ákveður skilyrði þess, að dómurinn megi heimill verða öðrum ríkjum, enda sé gætt sérákvæða í gildandi milliríkjasamningum, en aldrei má setja skilyrði, er raski jafnrétti aðila fyrir dómi.

3. Nú er ríki, sem ekki er félagi í bandalagi hinna sameinuðu þjóða, aðili sakar, og skal þá dómstóllinn ákveða fjárhæð, er aðili greiði upp í dómskostnaðinn. Ákvæði þetta á þó ekki við, ef slíkur aðili greiðir sinn ákveðna hluta af kostnaði vegna dómstólsins.

36. gr.

1. Dómurinn hefur lögsögu í öllum málum, sem aðilar að samþykktum þessum leggja til hans, og í málum þeim öllum, sem sérstaklega greinir í stofnskrá hinna sameinuðu þjóða eða í gildandi milliríkjasamningum.

2. Ríki, sem aðilar eru að samþykktum þessum, geta hvenær sem er lýst yfir því, að þau skuldbindi sig *ipso facto* og án sérstaks samkomulags gagnvart hverju öðru ríki, er gengst undir sömu skuldbindingu, til þess að hlíta lögsögu dómstólsins um allan lagalegan ágreining varðandi:

a. Túlkun samninga;
b. Hvert vafamál um milliríkjarétt;
c. Hvort staðreynd hafi gerzt, sem, ef sönnuð væri, mundi fela í sér brot á skyldu í skiptum ríkja.
d. Hvers konar og hve miklar bætur gjalda skuli fyrir brot á skyldu í skiptum ríkja.

mation relevant to cases before it, and shall receive such information presented by such organisations on their own initiative. 91 9. des.

3. Whenever the construction of the constituent instrument of a public international organisation or of an international convention adopted thereunder is in question in a case before the Court, the Registrar shall so notify the public international organisation concerned and shall communicate to it copies of all the written proceedings.

Article 35

1. The Court shall be open to the states parties to the present Statute.

2. The conditions under which the Court shall be open to other states shall, subject to the special provisions contained in treaties in force, be laid down by the Security Council, but in no case shall such conditions place the parties in a position of inequality before the Court.

3. When a state which is not a Member of the United Nations is a party to a case, the Court shall fix the amount which that party is to contribute toward the expenses of the Court. This provision shall not apply if such state is bearing a share of the expenses of the Court.

Article 36

1. The jurisdiction of the Court comprises all cases which the parties refer to it and all matters specially provided for in the Charter of the United Nations or in treaties and conventions in force.

2. The states parties to the present Statute may at any time declare that they recognise as compulsory *ipso facto* and without special agreement, in relation to any other state accepting the same obligation, the jurisdiction of the Court in all legal disputes concerning:—

(a) The interpretation of a treaty;
(b) Any question of international law;
(c) The existence of any fact which, if established, would constitute a breach of an international obligation;
(d) The nature or extent of the reparation to be made for the breach of an international obligation.

3. The declarations referred to above may be made unconditionally or on con-

91 9. des.

3. Yfirlýsingar þær, er hér að ofan greinir, má gefa skilorðslaust eða gegn því, að nokkur ríki eða tiltekin ríki gangist undir sömu skuldbindingar, eða um tiltekinn tíma.

4. Yfirlýsingar þessar skal leggja til geymslu hjá framkvæmdastjóra hinna sameinuðu þjóða, sem skal senda aðilum að samþykktum þessum og ritara dómstólsins eftirrit af þeim.

5. Yfirlýsingar, gefnar samkvæmt 36. gr. samþykkta fasta milliríkjadómsins og enn þá eru í gildi, skal í skiptum aðila að samþykktum þessum meta samþykki á lögskyldu til að hlíta lögsögu milliríkjadómsins þann tíma, sem þeim var ætlað að gilda í samræmi við ákvæði þeirra.

6. Dómstóllinn sker úr ágreiningi um það, hvort hann hafi lögsögu í máli.

37. gr.

Nú er svo mælt í gildandi milliríkjasamningi, að mál skuli leggja til dómstóls, er þjóðabandalagið skyldi hafa sett á stofn, eða fasta milliríkjadómsins, og skal það þá, ef aðilar að samþykktum þessum eiga hlut að máli, leggja til milliríkjadómsins.

38. gr.

1. Þá er leysa skal úr ágreiningsmálum, er til dómstólsins eru lögð, skal hann fara eftir:

a. Milliríkjasamningum, hvort sem þeir eru almenns eða sérstaks eðlis, enda geymi þeir fyrirmæli berum orðum viðurkennd af sakaraðilum;
b. Milliríkjavenjum, sem vegna almennrar og sannaðrar notkunar eru viðurkenndar eins og lög;
c. Almennum grundvallarreglum laga, viðurkenndum af siðuðum þjóðum;
d. Dómsúrlausnum, enda sé gætt fyrirmæla 59. gr., og kennisetningum beztu sérfræðinga ýmissa þjóða, er veita mega, er annað þrýtur, leiðbeiningar um tilvist og efni réttarreglna.

2. Þessi ákvæði skulu ekki skerða heimild dómstólsins til þess að úrskurða mál *ex aequo et bono*, ef aðilar eru því samþykkir.

dition of reciprocity on the part of several or certain states, or for a certain time.

4. Such declarations shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit copies thereof to the parties to the Statute and to the Registrar of the Court.

5. Declarations made under Article 36 of the Statute of the Permanent Court of International Justice and which are still in force shall be deemed, as between the parties to the present Statute, to be acceptances of the compulsory jurisdiction of the International Court of Justice for the period which they still have to run and in accordance with their terms.

6. In the event of a dispute as to whether the Court has jurisdiction, the matter shall be settled by the decision of the Court.

Article 37

Whenever a treaty or convention in force provides for reference of a matter to a tribunal to have been instituted by the League of Nations, or to the Permanent Court of International Justice, the matter shall, as between the parties to the present Statute, be referred to the International Court of Justice.

Article 38

1. The Court, whose function is to decide in accordance with international law such disputes as are submitted to it, shall apply:

(a) International conventions, whether general or particular, establishing rules expressly recognised by the contesting states;
(b) International custom, as evidence of a general practice accepted as law;
(c) The general principles of law recognised by civilised nations;
(d) Subject to the provisions of Article 59, judicial decisions and the teachings of the most highly qualified publicists of the various nations, as subsidiary means for the determination of rules of law.

2. This provisions shall not prejudice the power of the Court to decide a case *ex aequo et bono*, if the parties agree thereto.

III. KAFLI

Meðferð mála.

39. gr.

Franska og enska eru þingmál dómsins. Ef aðilar koma sér saman um það, að málsmeðferð skuli fara fram á frönsku, þá skal kveða dóm upp á frönsku. Ef aðilar koma sér saman um það, að málsmeðferð skuli fara fram á ensku, skal kveða dóm upp á ensku.

2. Nú er ekki samið um það, hvaða tungu nota skuli, og má þá hvor aðila flytja málið á þeirri tungunni, er hann vill heldur, en dómsúrlausn skal vera á ensku og frönsku, enda skal dómstóllinn þá samtímis ákveða, hvorn textanna tveggja skuli telja frumtexta.

3. Dómstóllinn skal, ef aðili krefst þess, löggilda tungu aðra en ensku eða frönsku, er aðili megi nota.

40. gr.

1. Mál er þingfest eftir atvikum annaðhvort með því að tilkynna sérsamning um það eða með skriflegri umsókn stílaðri til dómritara. Greina skal deiluefni og aðila, hvor leiðin sem farin er.

2. Dómritari skal þegar í stað skýra öllum hlutaðeigendum frá umsókninni.

3. Hann skal og tilkynna þetta félögum bandalags hinna sameinuðu þjóða fyrir milligöngu framkvæmdastjóra þess, og einnig öðrum ríkjum, sem heimilt er að koma fyrir dómstólinn.

41. gr.

1. Dómstóllinn hefur vald til þess að ákveða, ef hann telur atvik heimta það, hverja þá bráðabirgðaráðstöfun, er hann telur þurfa að gera til hagsmunagæzlu hvors aðila.

2. Meðan á fullnaðarákvörðun stendur, skal þegar í stað skýra aðilum og öryggisráði frá þessum ráðstöfunum.

42. gr.

1. Aðilar láta umboðsmenn gæta hagsmuna sinna.

2. Rétt er þeim að hafa sér til aðstoðar ráðunauta eða málflutningsmenn fyrir dómi.

Chapter III.—Procedure

Article 39

1. The official languages of the Court shall be French and English. If the parties agree that the case shall be conducted in French, the judgment shall be delivered in French. If the parties agree that the case shall be conducted in English, the judgment shall be delivered in English.

2. In the absence of an agreement as to which language shall be employed, each party may, in the pleadings, use the language which it prefers; the decision of the Court shall be given in French and English. In this case the Court shall at the same time determine which of the two texts shall be considered as authoritative.

3. The Court shall, at the request of any party, authorise a language other than French or English to be used by that party.

Article 40

1. Cases are brought before the Court, as the case may be, either by the notification of the special agreement or by a written application addressed to the Registrar. In either case the subject of the dispute and the parties shall be indicated.

2. The Registrar shall forthwith communicate the application to all concerned.

3. He shall also notify the Members of the United Nations through the Secretary-General, and also any other states entitled to appear before the Court.

Article 41

1. The Court shall have the power to indicate, if it considers that circumstances so require, any provisional measures which ought to be taken to preserve the respective rights of either party.

2. Pending the final decision, notice of the measures suggested shall forthwith be given to the parties and to the Security Council.

Article 42

1. The parties shall be represented by agents.

2. They may have the assistance of counsel or advocates before the Court.

3. The agents, counsel, and advocates

91 9. des.

3. Umboðsmenn, ráðunautar og málflutningsmenn aðila fyrir dómi njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi, sem nauðsynleg er til óháðrar rækslu skyldna sinna.

of parties before the Court shall enjoy the privileges and immunities necessary to the independent exercise of their duties.

43. gr.

1. Málsmeðferð er bæði skrifleg og munnleg.

2. Skriflega málsmeðferðin felur í sér framlagning sóknar fyrir dómstól og aðila, framlagning varnar og andsvör við þeim, er þörf þykir, svo og framlagning allra skjala og skilríkja þeim til stuðnings.

3. Dómritari er meðalgangari aðila og dómstólsins um skjöl þessi, enda skal leggja þau fram í þeirri röð og innan þess tíma, er dómstóllinn mælir.

4. Fá skal aðila staðfest eftirrit af hverju skjali, sem gagnaðili leggur fram.

5. Munnlega málsmeðferðin er fólgin í munnlegum greinargerðum vitna, sérfræðinga, umboðsmanna, ráðunauta og málflutningsmanna.

Article 43

1. The procedure shall consist of two parts: written and oral.

2. The written proceedings shall consist of the communication to the Court and to the parties of memorials, counter-memorials and, if necessary, replies; also all papers and documents in support.

3. These communications shall be made through the Registrar, in the order and within the time fixed by the Court.

4. A certified copy of every document produced by one party shall be communicated to the other party.

5. The oral proceedings shall consist of the hearing by the court of witnesses, experts, agents, counsel, and advocates.

44. gr.

1. Nú þarf dómur að koma boðum til annarra manna en umboðsmanna, ráðunauta og málflutningsmanna, og snýr hann sér þá beint til stjórnar þess ríkis, er boð skal berast á landsvæði þess.

2. Sama skal gilda hvenær sem afla skal sönnunargagna á staðnum.

Article 44

1. For the service of all notices upon persons other than the agents, counsel, and advocates, the Court shall apply direct to the government of the state upon whose territory the notice has to be served.

2. The same provision shall apply whenever steps are to be taken to procure evidence on the spot.

45. gr.

Forseti stjórnar munnlegu málsmeðferðinni eða varaforseti, ef hann getur ekki stýrt dómi. Ef hvorugur þeirra getur stýrt dómi, skal elzti dómarinn gera það.

Article 45

The hearing shall be under the control of the President or, if he is unable to preside, of the Vice-President; if neither is able to preside, the senior judge present shall preside.

46. gr.

Munnlega málsmeðferðin skal fara fram í heyranda hljóði fyrir dómstólnum, nema hann mæli öðruvísi eða aðilar krefjist þess, að almenningi sé bannaður aðgangur.

Article 46

The hearing in Court shall be public, unless the Court shall decide otherwise, or unless the parties demand that the public be not admitted.

47. gr.

1. Skrá skal skýrslu í þingbók um hvert dómþing, og skulu dómritari og forseti undirrita hana.

Article 47

1. Minutes shall be made of each hearing and signed by the Registrar and the President.

2. Dómskýrslur þessar einar skulu hafa opinbert sönnunargildi.

48. gr.

Dómstóllinn setur reglur um málsmeðferð, ákveður ræðuform og innan hvers tíma hvor aðili skuli lúka ræðum sínum, og gerir allar ráðstafanir í sambandi við öflun sönnunargagna.

49. gr.

Dómstóllinn getur, jafnvel áður en munnleg málsmeðferð hefst, skorað á umboðsmenn að leggja fram skjöl eða láta í té skýringar. Nú er þessu ekki sinnt, og skal þess þá getið í þingbók.

50. gr.

Dómstóllinn getur, hvenær sem er, falið einstökum manni, félagi, skrifstofu, nefnd eða annarri stofnun, er hann kann að kjósa þar til, að framkvæma rannsókn eða gefa sérfræðiálit.

51. gr.

Í munnlegu málsmeðferðinni á að leggja fyrir vitni og sérfræðinga hverja þá spurningu, er máli skiptir, með þeim hætti, er dómstóllinn ákveður í reglum þeim um málsmeðferð, er í 30. gr. getur.

52. gr.

Eftir að dómstóllinn hefur tekið við sönnunargögnum og vitnaskýrslum innan þess tíma, er þar til var mæltur, getur hann neitað að taka við nokkrum frekari gögnum, munnlegum eða skriflegum, sem aðili kann að óska að koma að, nema gagnaðili samþykki.

53. gr.

1. Nú sækir annar aðila ekki dómþing eða lætur fyrirfarast að flytja mál sitt, og getur gagnaðili þá krafizt þess, að dómur dæmi málið honum í vil eftir kröfu hans.

2. Áður en dómur gerir þetta, ber honum að ganga úr skugga eigi aðeins um það, að hann eigi lögsögu í málinu samkvæmt 36. og 37. gr., heldur og um það, að krafan sé vel rökum studd bæði um staðreyndir og réttarreglur.

2. These minutes alone shall be authentic. 91 9. des.

Article 48

The Court shall make orders for the conduct of the case, shall decide the form and time in which each party must conclude its arguments, and make all arrangements connected with the taking of evidence.

Article 49

The Court may, even before the hearing begins, call upon the agents to produce any document or to supply any explanations. Formal note shall be taken of any refusal.

Article 50

The Court may, at any time, entrust any individual, body, bureau, commission, or other organisation that it may select, with the task of carrying out an inquiry or giving an expert opinion.

Article 51

During the hearing any relevant questions are to be put to the witnesses and experts under the conditions laid down by the Court in the rules of procedure referred to in Article 30.

Article 52

After the Court has received the proofs and evidence within the time specified for the purpose, it may refuse to accept any further oral or written evidence that one party may desire to present unless the other side consents.

Article 53

1. Whenever one of the parties does not appear before the Court, or fails to defend his case, the other party may call upon the Court to decide in favour of its claim.

2. The Court must, before doing so, satisfy itself, not only that it has jurisdiction in accordance with Articles 36 and 37 but also that the claim is well founded in fact and law.

91
9. des.

54. gr.

1. Eftir að umboðsmenn, ráðunautar og málflutningsmenn hafa með eftirliti dómsins lokið flutningi máls, þá skal forseti lýsa málflutningi lokið.

2. Dómendur ganga þá afsíðis til ráðagerða um dómsúrlausn.

3. Ráðagerðir dómenda fara fram í kyrrþey, enda skal halda þeim leyndum.

Article 54

1. When, subject to the control of the Court, the agents, counsel, and advocates have completed their presentation of the case, the Presidents shall declare the hearing closed.

2. The Court shall withdraw to consider the judgment.

3. The deliberations of the Court shall take place in private and remain secret.

55. gr.

1. Öllum atriðum skal ráða til lykta með meiri hluta atkvæða viðstaddra dómenda.

2. Nú verða atkvæði jafnmörg beggja megin, og ræður þá atkvæði forseta, eða þess dómara, er sæti hans skipar.

Article 55

1. All questions shall be decided by a majority of the judges present.

2. In the event of an equality of votes, the President or the judge who acts in his place shall have a casting vote.

56. gr.

1. Í dómi skal greina ástæður þær, sem hann er byggður á.

2. Greina skal í dómi nöfn dómenda þeirra, sem tekið hafa þátt í dómsúrlausn.

Article 56

1. The judgment shall state the reasons on which it is based.

2. It shall contain the names of the judges who have taken part in the decision.

57. gr.

Nú greinir dómsúrlausn að öllu eða einhverju leyti ekki einróma álit dómenda, og er þá hverjum dómanda sem er rétt að gera ágreiningsatkvæði.

Article 57

If the judgment does not represent in whole or in part the unanimous opinion of the judges, any judge shall be entitled to deliver a seperate opinion.

58. gr.

Forseti og dómritari skulu undirrita dóm. Kveða skal hann upp á dómþingi í heyranda hljóði, enda hafi umboðsmönnum verið gert tilhlýðilega viðvart.

Article 58

The judgment shall be signed by the President and by the Registrar. It shall be read in open court, due notice having been given to the agents.

59. gr.

Dómsúrlausn bindur einungis aðila og einungis um það mál.

Article 59

The decision of the Court has no binding force except between the parties and in respect of that particular case.

60. gr.

Úrlausn dómstólsins er úrslitadómur og verður ekki áfrýjað. Nú verður ágreiningur um efni dóms eða yfirgrip, og er dómstólnum þá rétt að skýra hann, ef aðili krefst þess.

Article 60

The judgment is final and without appeal. In the event of dispute as to the meaning or scope of the judgment, the Court shall construe it upon the request of any party.

61. gr.

1. Beiðni um endurskoðun dóms má einungis bera upp, þegar hún helgast af því, að komið hefur í ljós staðreynd þess eðlis, að hún hafi úrslitaþýðingu,

Article 61

1. An application for revision of a judgment may be made only when it is based upon the discovery of some fact of such a nature as to be a decisive factor, which

enda hafi hún verið dómstólnum ókunnug, er dómur var upp kveðinn, og einnig þeim aðila, er endurskoðunar beiddist, og megi þó ekki telja honum ókunnugleika hans til vanrækslu.

2. Meðferð máls til endurskoðunar skal hefjast á úrskurði dómstólsins þar um, enda skal þar greinilega getið þess, að ný staðreynd hafi komið í ljós, það viðurkennt, að henni sé svo háttað, að taka beri málið upp af nýju, og því lýst yfir, að beiðnina verði að taka til greina af þessum ástæðum.

3. Dómstóllinn getur krafizt fyrirfram framkvæmdar aðila á ákvæðum úrskurðarins, áður en hann leyfir flutning endurupptökumálsins.

4. Beiðni um endurskoðun verður að bera upp eigi síðar en sex mánuðum eftir að hin nýja staðreynd varð kunn.

5. Aldrei má beiðni um endurskoðun bera upp eftir að 10 ár eru liðin frá dómsuppsögudegi.

62. gr.

1. Nú telur ríki sig eiga lögmæta hagsmuni, sem raskað kunni að verða fyrir úrlausn sakar, og getur það þá leitað leyfis dómstólsins til þess að ganga inn í mál.

2. Dómurinn úrskurðar beiðnina.

63. gr.

1. Hvenær sem skýra skal milliríkjasamning, þar sem önnur ríki en þau, er að dómsmáli standa, eru aðilar, þá skal dómritari þegar í stað tilkynna það slíkum ríkjum.

2. Hverju því ríki, er slíka tilkynningu hefur fengið, er rétt að ganga inn í mál, en skýring sú, er dómstóll gefur, bindur það þá eins og hina aðilana, ef hann neytir þessa réttar.

64. gr.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli, nema dómur mæli öðruvísi.

IV. KAFLI
Álitsgerðir.

65. gr.

1. Dómurinn getur látið í té álit sitt um sérhvert réttaratriði eftir beiðni

fact was, when the judgment was given, unknown to the Court and also to the party claiming revision, always provided that such ignorance was not due to negligence. 91 9. des.

2. The proceedings for revision shall be opened by a judgment of the Court expressly recording the existence of the new fact, recognising that it has such a character as to lay the case open to revision, and declaring the application admissible on this ground.

3. The Court may require previous compliance with the terms of the judgment before it admits proceedings in revision.

4. The application for revision must be made at latest within six months of the discovery of the new fact.

5. No application for revision may be made after the lapse of ten years from the date of the judgment.

Article 62

1. Should a state consider that it has an interest of a legal nature which may be affected by the decision in the case, it may submit a request to the Court to be permitted to intervene.

2. It shall be for the Court to decide upon this request.

Article 63

1. Whenever the construction of a convention to which states other than those concerned in the case are parties is in question, the Registrar shall notify all such states forthwith.

2. Every state so notified has the right to intervene in the proceedings; but if it uses this right, the construction given by the judgment will be equally binding upon it.

Article 64

Unless otherwise decided by the Court, each party shall bear its own costs.

Chapter IV.—Advisory Opinions

Article 65

1. The Court may give an advisory opinion on any legal question at the re-

91 hvaða samfélags sem vera skal, er hefur
9. des. verið heimilað af sameinuðu þjóðunum eða samkvæmt stofnskrá þeirra að bera fram slíka beiðni.

2. Málefni, sem álits dómstólsins er leitað um, skal leggja fyrir hann í skriflegri beiðni, þar sem sakarefni sé nákvæmlega lýst, enda fylgi öll þau skjöl, sem líkleg eru til þess að varpa ljósi á málið.

66. gr.

1. Dómritari skal þegar í stað senda öllum þeim ríkjum, sem heimild hafa til þess að koma fyrir dómstólinn, tilkynningu um beiðni um álitsgerð.

2. Þar að auki skal dómritari sérstaklega og beinleiðis tilkynna hverju því ríki, sem heimilt er að koma fyrir dómstólinn, og hverri þeirri alþjóðastofnun, sem dómstóllinn eða, ef hann er þá ekki starfandi, forseti telur líklega til þess að geta veitt upplýsingar varðandi málefnið, það, að dómstóllinn sé við því búinn að taka við innan tímamarka, er forseti setur, skriflegri greinargerð eða munnlegri um málið á opinberu dómþingi, er háð verði í því skyni.

3. Ef eitthvert ríki, sem heimilt er að koma fyrir dómstólinn og ekki skyldi hafa fengið hina sérstöku vitneskju, sem í 2. tölul. greinar þessarar segir, lætur uppi ósk um að gefa skriflega greinargerð eða munnlega fyrir dómi, þá tekur dómstóllinn ákvörðun þar um.

4. Ríki og stofnanir, sem látið hafa af hendi skriflegar eða munnlegar greinargerðir eða hvort tveggja, skulu fá leyfi til þess að láta uppi álit sitt um greinargerðir, sem önnur ríki eða stofnanir hafa sent, í því formi og með því yfirgripi og innan þeirra tímamarka, sem dómstóllinn eða, ef hann er ekki starfandi, forseti ákveður hverju sinni. Samkvæmt þessu skal dómritari láta þeim ríkjum og stofnunum, sem sent hafa greinargerð, í té innan hæfilegs tíma vitneskju um slíkar greinargerðir.

67. gr.

Dómstóllinn skal birta álitsgerðir sínar á opinberu dómþingi, enda hafi fram-

quest of whatever body may be authorised by or in accordance with the Charter of the United Nations to make such a request.

2. Questions upon which the advisory opinion of the Court is asked shall be laid before the Court by means of a written request containing an exact statement of the question upon which an opinion is required, and accompanied by all documents likely to throw light upon the question.

Article 66

1. The Registrar shall forthwith give notice of the request for an advisory opinion to all states entitled to appear before the Court.

2. The Registrar shall also, by means of a special and direct communication, notify any state entitled to appear before the Court or international organisation considered by the Court or, should it not be sitting, by the President as likely to be able to furnish information on the question, that the Court will be prepared to receive, within a time limit to be fixed by the President, written statements, or to hear, at a public sitting to be held for the purpose, oral statements relating to the question.

3. Should any such state entitled to appear before the Court have failed to receive the special communication referred to in paragraph 2 of this Article, such state may express a desire to submit a written statement or to be heard; and the Court will decide.

4. States and organisations having presented written or oral statements or both shall be permitted to comment on the statements made by other states or organisations in the form, to the extent, and within the time limits which the Court, or, should it not be sitting, the President, shall decide in each particular case. Accordingly, the Registrar shall in due time communicate any such written statements to states and organisations having submitted similar statements.

Article 67

The Court shall deliver its advisory opinions in open court, notice having

kvæmdastjóra og umboðsmönnum félaga bandalags hinna sameinuðu þjóða, annarra ríkja og alþjóðastofnana, sem málið beinlínis varðar, verið gert viðvart.

68. gr.

Þegar dómstóllinn starfar að álitsgerðum, skal hann einnig hafa til leiðbeiningar þau ákvæði í samþykktum þessum, sem varða dómsmál, að því leyti sem hann telur þau nothæf.

been given to the Secretary-General and to the representatives of Members of the United Nations, of other states and of international organisations immediately concerned. 91 9. des.

Article 68

In the exercise of its advisory functions the Court shall further be guided by the provisions of the present Statute which apply in contentious cases to the extent to which it recognises them to be applicable.

V. KAFLI

Breytingar á samþykktum þessum.

69. gr.

Breytingar á samþykktum þessum skal gera með sama hætti sem mælt er í stofnskrá hinna sameinuðu þjóða um breytingar á henni, enda sé gætt sérhverra þeirra ákvæða, sem þingið kann að gera eftir tillögum öryggisráðsins varðandi þátttöku ríkja, sem eru aðilar að samþykktum þessum, en ekki eru félagar í bandalagi hinna sameinuðu þjóða.

Chapter V.—Amendment

Article 69

Amendments to the present Statute shall be effected by the same procedure as is provided by the Charter of the United Nations for amendments to that Charter, subject, however, to any provisions which the General Assembly upon recommendation of the Security Council may adopt concerning the participation of states which are parties to the present Statute but are not Members of the United Nations.

70. gr.

Dómstóllinn hefur vald til þess að stinga upp á breytingum á samþykktum þessum, er hann telur nauðsynlegar, enda láti hann framkvæmdastjóra í té skriflegar tillögur þar um, er athugaðar verði samkvæmt ákvæðum 69. gr.

Article 70

The Court shall have power to propose such amendments to the present Statute as it may deem necessary, through written communications to the Secretary General, for consideration in conformity with the provisions of Article 69.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 9. desember 1946.

Ólafur Thors.